



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg: Félag löggiltra endurskoðenda
Áb: Hrefna Gunnarsdóttir
formaður Ritnefndar FLE
Desember 2005
28. árgangur 2. tölublað

FLE fréttir

Af stjórnarborði

EFNI BLAÐSINS

Af stjórnarborði.....	1
Einhugur í Evrópusambandinu um áttundu tilskipunina	3
Haustráðstefna FLE í Stokkhólmi	5
IAS 36 - Virðisrýrnun eigna	7
Til sölu á skrifstofu FLE.....	7
Opnunartími skrifstofu FLE.....	9
Gæðaeftirlit haustið 2005	10
Til hamingju með afmælið	11
Reikningsskiladagur FLE	12
Tilkynning til félagsmanna FLE	12
Sérstakt endurmat eigna	13
Innleiðing IFRS	14
Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2005.....	16
Fráteknar dagsetningar	19
Stjórn og nefndir 2005–2006	20
Nýir félagar árið 2005.....	21
Löggildingarpróf.....	21
GOLF annáll	22

Aðalfundur og reikningsskiladagur

Aðalfundur félagsins var haldinn hinn 18. nóvember s.l. Dagskrá aðalfundarins var með venjubundnu sniði, að því undanskildu að faglegur framkvæmdastjóri félagsins flutti í fyrsta sinn skýrslu um fagleg málefni áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust. Í umfjöllun sinni gerði hann grein fyrir starfi þriggja starfshópa á vegum Norræna Endurskoðendasambandsins. Með tilkomu faglegs framkvæmdastjóra má vænta þess að skýrsla hans um fagleg málefni verði hluti af dagskrá aðalfundar hér eftir, en slík fagleg umfjöllun er bæði fróðleg og gagnleg fyrir félagsmenn og gefur þeim upplýsingar um verkefni faglegs framkvæmdastjóra.

Reikningsskiladagurinn var að þessu sinni haldinn að morgni til, fyrir aðalfund félagsins. Efni hans var afar áhugavert, þar sem sjö fyrirlesarar, þar af sex félagsmenn, fluttu erindi um ýmis reikningshaldsleg málefni, en gerð er grein fyrir þeim á öðrum stað í blaðinu auk þess sem glærur fyrirlesara eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Báðir þessir viðburðir heppnuðust afar vel og fer að mínu mati vel á því að tengja saman á einum degi, aðalfund og faglegra ráðstefnu, þegar aðalfundur er haldinn á höfuðborgarsvæðinu.

Hautferð til Stokkhólms

Stokkhólmsferð FLE dagana 29. september til 1. október heppnaðist frábærlega vel. Það var einstaklega ánægjulegt hversu margir félagsmenn og makar mættu í ferðina og hef ég ekki heyrt annað en að þeir sem í hana fóru hafi verið mjög ánægðir. Allt skipulag, aðbúnaður og tímasetningar voru með miklum ágætum og er óhætt að segja að allt hafi gengið eftir eins og áætlað var. Þau erindi sem voru flutt, hjá sænska félaginu og einnig á sjálfri ráðstefnunni voru



Lárus Finnbogason
formaður FLE.

bæði fróðleg og skemmtileg. Gríðarleg vinna liggur að baki ferðar sem þessarar og ber að þakka þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd hennar, þ.e. menntunarnefnd, ferðanefnd, framkvæmdastjórum félagsins og öðrum þeim sem lögðu hönd á plóginn.

Fyrirtækjaheimsókn

Íslensk erfðagreining ehf. bauð félagsmönnum FLE til kynningarfundar þann 10. nóvember, en á fundinum voru kynnt áhrif Sarbanes-Oxley löggjafarinnar á starfsemi félagsins. Fram kom að félagið hefði þurft að leggja í mikla vinnu við uppbyggingu innra eftirlits vegna löggjafarinnar á síðustu árum. Að loknum fyrirlestur bauð Íslensk erfðagreining upp á léttar veitingar. Margir félagsmenn þáðu boð fyrirtækisins og vonandi getur orðið framhald á boðum af þessu tagi frá öðrum fyrirtækjum. Það er mjög áhugavert fyrir okkur að fá upplýsingar um hvernig staðið er að ýmsum málum sem snerta okkar fag innan annarra fyrirtækja en endurskoðunarfyrirtækja, en fjölmargir félagsmenn starfa innan slíkra félaga.



Gæðaeftirlit

Gæðanefnd, ásamt faglegum framkvæmdastjóra, hafa á undanförunum vikum og mánuðum unnið ótullega að framkvæmd gæðaeftirlits í samræmi við reglur um gæðaeftirlit FLE sem samþykktar voru á félagsfundi 5. maí 2004. Gæðaeftirlitið nær til allra félaga í FLE, að jafnaði á sex ára fresti og því var 1/6 hluti félagsmanna eða 49 dregnir út að þessu sinni. Þegar þetta er ritað eru gæðaeftirlitsmenn að hefja heimsóknir til þeirra sem dregnir voru út og eru með endurskoðunarverkefni. Það er afar mikilvægt að vel takist til frá fyrsta degi við þessa framkvæmd og verður því að leggja á það ríka áherslu að þeir sem sæta gæðaeftirliti taki vel á móti gæðaeftirlitsmönnum og gæðaeftirlitsmenn vinni verk sín af ítrustu fagmennsku og gæti fyllsta trúnaðar. Það er von mín að okkur takist að gera gæðaeftirlit FLE það vel úr garði að það fullnægi að öllu leyti þeim kröfum sem fram koma í áttundu tilskipuninni og að það verði viðurkennt af hélendum stjórnvöldum.

Áttunda tilskipun Evrópusambandsins

Gert er ráð fyrir að áttunda tilskipun Evrópusambandsins sem fjallar um endurskoðun og endurskoðendur innan þess, verði endanlega samþykkt fyrir lok þessa árs. Fjöldmörg verkefni munu verða á borðum stjórnar vegna fyrirhugaðrar innleiðingar efnis hennar hélendis. Mér segir svo hugur að FLE og einstakir félagsmenn þurfi að leggja fram mikla vinnu og sérþekkingu á næstu misserum til þess að tryggja farsæla lögleiðingu ákvæða tilskipunarinnar. Félagið mun þurfa að vinna náið með Fjármálaráðuneytinu vegna þessa og munum við óska eftir fundi með ráðuneytinu fljótlega eftir áramótin til þess að ræða með hvaða hætti staðið verði að innleiðingu tilskipunarinnar.

Menntunarmál

Ég hef áhuga á að leita aukins samstarfs við háskólana í Reykjavík að því er varðar endurmenntunarmál endurskoðenda, en félagið hefur sætt nokkurri gagnrýni fyrir að sinna þeim málum ekki nægilega vel. Aðstæður einstakra félagsmanna til þess að sinna endurmenntun



Formaður FLE Lárus Finnbogason og lærimeistari hans Sigurður Stefánsson

eru misjafnlega góðar, þar sem sumir endurskoðendur búa við þær aðstæður að geta viðhaldið menntun sinni með því að sækja námskeið innan sinna fyrirtækja, meðan aðrir hafa ekki tók á því. Félagið hefur þó á undanförunum árum leitast við að tryggja nægilegt framboð námskeiða og ráðstefna til þess að fullnægja þeim endurmenntunarkröfum sem gerðar eru til okkar, en vafalaust má gera betur í þessum efnun. Stjórn og menntunarnefnd félagsins munu þurfa að koma að þessu máli og vænti ég þess að við getum átt gott samstarf við háskólana við að koma á skipulögðum endurmenntunarnámskeiðum.

Að lokum

Formaður, varaformaður og faglegur framkvæmdastjóri hafa átt fundi með öllum fagnefndum félagsins, þar sem línur hafa verið lagðar um verkefni nefndanna yfirstandandi starfsár. Störf fagnefndanna eru yfirleitt í nokkuð föstum skorðum. Þannig hefur því t.d. verið komið svo fyrir að undanförunu að viðkomandi

fagnefndir sjá alfarið um skattadag, endurskoðunardag og reikningsskiladag, en menntunarnefnd sér um haustráðstefnu. Þetta fyrirkomulag hefur að mínu mati gefist vel og minnkað álag á menntunarnefnd félagsins. Á starfsárinu munum við halda áfram að þróa starf faglegs framkvæmdastjóra, en með tilkomu hans á faglegt starf innan félagsins að geta orðið enn meira en hingað til, en mikið mun mæða á honum vegna áttundu tilskipunarinnar á næstu misserum. Fagleg störf innan félagsins munu þó eftir sem áður hvíla að miklu leyti á fagnefndunum og er ég þess fullviss að þær munu leysa verkefni sín vel af hendi.

Ég vil þakka öllum félagsmönnum og framkvæmdastjórum félagsins ánægjulegt samstarf á árinu og óska þeim farsæls komandi árs.

Ein hugur í Evrópusambandinu um áttundu tilskipunina



Gunnar
Sigurðsson
faglegur
framkvæmda-
stjóri FLE

Evrópusamband endurskoðenda (FEE) fagnar fyrirsjáanlegri samþykkt á áttundu tilskipun Evrópusambandsins (ESB) og mun styðja innleiðingu hennar heilshugar í aðildarlöndunum. Tilskipunin mun einnig taka gildi á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) sem Ísland er aðili að. Sérstaklega er tekið fram í tilkynningu frá FEE að samtökin fagni breytingum sem snúa að lykilaðriðum eins og notkun alþjóðlegra endurskoðunarstaðla (ISA) og gæðaeftirliti. Það er einnig talið mikilvægt að skipaðar skuli endurskoðunarnefndir og að komið verði á nýju fyrirkomulagi á opinberu eftirliti með endurskoðendum. Þessi tilmæli styrki traust almennings á ný á gæðum endurskoðunar, eftir nokkur hneykslismál varðandi endurskoðendur sem hafa komið upp á undanföllum árum. Gert er ráð fyrir að tillaga um nýja áttundu tilskipun ESB um endurskoðun á ársreikningum og samstæðureikningum verði samþykkt af Evrópuþinginu fyrir næstu áramót, en hún kemur í stað núverandi tilskipunar sem er frá árinu 1984 og fjallar að mestu um skráningu á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Nýja tillagan nær aftur á móti til flestra þátta varðandi endurskoðun og starfssvið endurskoðenda.

Efni tilskipunarinnar

Tilskipunin nær til allrar lögbundinnar endurskoðunar á ársreikningum og samstæðureikningum á ESB/EES svæðinu og einnig til eftirlits með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja. Fjallað er um ýmsa þætti sem varða faglegar kröfur til endurskoðenda svo sem löggildingu endurskoðenda, menntunarkröfur og endurmenntun, opinbera skráningu, siðareglur, óhæðisreglur, þagnarskylda, kröfur varðandi framkvæmd endurskoðunar, gæðaeftirlit, rannsóknir og refsiaðvæði,

opinbert eftirlit og samvinnu opinberra eftirlitsaðila, tilnefningu, kosningu og uppsögn endurskoðenda, sérkröfur við endurskoðun á fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum og endurskoðun alþjóðlegra fyrirtækja. Nánar er fjallað um einstaka þætti hér á eftir.

Löggildingu og skráningu endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja

Ákvæði um löggildingu, menntunarkröfur og endurmenntun endurskoðenda í áttundu tilskipun ESB er í takt við núverandi íslensk lög um endurskoðendur, en krafan um opinbera skráningu og upplýsingar um endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki er víðtækari en núverandi lagaákvæði um það efni. Þannig er gert ráð fyrir rafrænni skráningu sem almenningur hafi greiddan aðgang að. Þetta má telja til bóta, því oft ríkir misskilningur meðal almennings hér á landi á því hvort einstaklingar sem bjóða þjónustu á sviði endurskoðunar eða ráðgjafar eru með endurskoðunarréttindi eða ekki.

Siðareglur, óhæðisreglur og þagnarskylda

Tilskipunin gerir ráð fyrir að endurskoðendur sem inna af hendi lögbundna endurskoðun hafi undirgengist viðurkenndar siða- og óhæðisreglur og þagnarskylda. Í því sambandi er miðað við alþjóðlegar reglur, eins og siðareglur IFAC (IFAC Code of Ethics) og óhæðisreglur ESB frá árinu 2002. Þetta mun væntanlega kalla á breytingar á óhæðisreglum í lögum um endurskoðendur og siðareglum (samskiptareglum) Félags löggiltra endurskoðenda, sem vísað er til í lögum um endurskoðendur, en öllum endurskoðendum hvort sem þeir eru félagsmenn FLE eða ekki ber að fara eftir þeim. Þessar alþjóðlegu reglur hver

um sig og sameiginlega veita leiðsögn um óhæðiskröfur endurskoðenda. Þar kemur fram að hann geti ekki annast endurskoðun hjá aðila ef hann beint eða óbeint er í fjárhagslegum, viðskiptalegum, starfslegum eða öðrum tengslum við hann sem hlutlaus og vel upplýstur þriðji aðili gæti talið að skerti óhæði endurskoðandans. Með starfslegum tengslum er átt við að endurskoðandi geti ekki veitt ákveðna þjónustu eða ráðgjöf samhliða endurskoðuninni.

Krafa um notkun á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum

Kröfur varðandi framkvæmd endurskoðunar fjalla um að beita beri alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA) við endurskoðun allra fyrirtækja. Þetta kallar á að ISA staðlarnir verði þýddir yfir á íslensku samhliða því að ESB tilskipunin fær lagagildi hér á landi. Áður en staðlarnir öðlast lagagildi á ESB/EES svæðinu þarf endurskoðunarnefnd ESB að samþykkja staðlana, hvern fyrir sig. Nokkur umræða er í gangi um að umskrifa þurfi endurskoðunarstaðlana og gera þá skýrari og betur til þess fallna að henta endurskoðun allra fyrirtækja, ekki síst endurskoðun minni fyrirtækja. IFAC hefur sett í gang vinnu við þetta og gerir ráð fyrir að ljúka henni á næstu 18 mánuðum.

Endurskoðun samstæðureikninga

Þá eru í tilskipuninni ákvæði um að endurskoðandi móðurfélags beri fulla ábyrgð á endurskoðun samstæðunnar og lögð á hann rík eftirlitskylda varðandi endurskoðun á fyrirtækjum í samstæðunni og gagnasöfnun henni tengdri. Þetta mun væntanlega skerpa á því ákvæði í lögum nr. 29/1944 um ársreikninga að kjósa



ávallt sama endurskoðanda í móðurfélagi og dótturfélögum, ef þess er nokkur kostur.

Gæðaeftirlit

Í tilskipuninni er einnig að finna kröfur um reglu-legt gæðaeftirlit með endurskoðendum og miðað við lágmarkskröfur sem fram komu í tilmælum ESB um gæðaeftirlit frá árinu 2000. Reiknað er með að opinber eftirlitsaðili hafi yfirumsjón með slíku gæðaeftirliti, þó að framkvæmd þess geti farið fram á vegum fagfélags endurskoðenda, eins og dæmi eru um á hinum Norðurlöndunum. Reglur um gæðaeftirlit FLE voru settar með hliðsjón af tilmælum ESB frá árinu 2000, en þar kemur m.a. fram að eftirlitið skuli ná til allra endurskoðenda á 6 ára tímabili.

Opinber eftirlitsnefnd, rannsóknir og refsíákvæði

Samkvæmt áttundu tilskipuninni skal komið á fót hér á landi eins og í öðrum löndum ESB/EES opinberri eftirlitsnefnd sem hafi yfirumsjón með framkvæmd tilskipunarinnar og endurskoðendum. Meirihluti nefndarmanna á að vera kunn-áttufólk á sviði endurskoðunar, sem ekki starfar við endurskoðun, en starfandi endurskoðendur geta þó skipað minnihluta nefndarinnar. Nefndinni er ætlað að koma á virku eftirliti með endurskoðendum, rannsaka ásanir um vanrækslu og beita refsíákvæðum til að koma í veg fyrir ófullnægjandi framkvæmd endurskoðunar. Einnig á nefndin að hafa yfirumsjón með lög-gildingu endurskoðenda, opinberri skráningu þeirra og endurskoðunarfyrtækja, endurmenntun, gæðaeftirliti, samþykkt endurskoðunarstaðla, siðareglum og innra eftirliti í endurskoðunarfyrtækjum. Nefndin á að kynna opinberlega störf sín og birta niðurstöður sem séu aðgengi-legar öllum almennigi.

Kosning og skipti á endurskoðanda

Í tilskipuninni kemur ennfremur fram að kosning endurskoðenda skuli fara fram á aðalfundi félags eða ársfundi, eins og gert er ráð fyrir í íslenskri lög-gjöf, en til að styrkja óhæði endurskoðenda er uppsögn eða skipti á endurskoðenda á kjörtíma-bilinu óheimil nema fyrir liggja nægilega gildar ástæður og að uppsögnin og ástæður hennar hafi

áður verið tilkynnt til opinberu eftirlitsnefndarinnar. Sérstaklega er tekið fram að ágreiningur milli endurskoðenda og stjórnenda um reikningsskila-aðferðir eða framkvæmd endurskoðunar er ekki talin gild ástæða í þessu sambandi.

Sérstakar kröfur varðandi endurskoðun á fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum

Sérstakar og auknar kröfur er að finna í tilskipuninni varðandi endurskoðun á fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum. Í tilskipuninni eru taldar upp nokkrar tegundir fyrirtækja sem falla undir þessa skilgreiningu, en það eru félög skráð á opinberum markaði, fjármálastofnanir og tryggingafélög. Í lögum hvers lands innan ESB/EES er aftur á móti heimilt að skilgreina önnur fyrirtæki eða stofnanir með þeim hætti að þau falli einnig undir þennan flokk fyrirtækja. Slíkt gæti t.d. gerst með tilliti til tegundar fyrirtækis, stærðar eða fjölda starfsmanna. Kröfur gagnvart endurskoðendum sem endurskoða slík fyrirtæki snúa einkum að nákvæmari upplýsingagjöf á heimasíðu sinni um endurskoðunarfyrtækið, eigendur þess, félagsform, tengsl við önnur endurskoðunarfyrtæki, stjórnun og gæðaeftirlit. Einnig upplýsingar um óhæðisreglur, reglur um endurmenntun, fjárhagslegar upplýsingar um skiptingu á tekjum á milli endurskoðunar og annarrar þjónustu og laun til eigenda.

Endurskoðunarnefnd

Fyrirtæki tengd almannahagsmunum skulu jafnframt koma á fót sérstakri endurskoðunarnefnd innan fyrirtækjanna. Nefndina geta skipað stjórnarmenn sem eru ekki í framkvæmdastjórn fyrirtækisins, nefndarmenn sérstakar eftirlitsnefndar fyrirtækis eða kosnir á aðalfundi. Minnst einn af nefndarmönnum endurskoðunarnefndar verður að vera óháður og hafa sérþekkingu á sviði reikningshalds og/eða endurskoðunar. Verksvið endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með fjárhagslegri skýrslugerð, innra eftirliti, innri endurskoðun og áhættustýringu fyrirtækis. Einnig á nefndin að fylgjast með framgangi endurskoðunar á ársreikningi/samstæðureikningi og óhæði endurskoðenda með tilliti til annarrar þjónustu sem þeir veita fyrirtækinu. Endurskoðunarnefnd á einnig að setja fram til-

lögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Endurskoðanda ber hins vegar að beina sinni skýrslugerð og samskiptum í tengslum við endurskoðunina til endurskoðunarnefndarinnar, sérstaklega varðandi veikleika í innra eftirliti fyrirtækis sem tengist fjárhagslegri skýrslugerð þess. Meiri kröfur eru einnig gerðar í slíkum félögum til óhæðis endurskoðanda og ber honum að staðfesta óhæðið árlega við endurskoðunarnefndina og gera grein fyrir allri annarri þjónustu sem hann hefur veitt fyrirtækinu á árinu og hvort slík þjónusta hafi getað haft áhrif á óhæði hans sem endurskoðanda. Endurskoðandi fyrirtækis tengdu almannahagsmunum þarf jafnframt að undirgangast gæðaeftirlit á þriggja ára fresti. Óhæðiskrafan varðar einnig kröfu um útskiptingu á ábyrgðarmanni/stjórnanda endurskoðunar eftir minnst tvö ár en mest sjö ár eftir að hann tók við því hlutverki við endurskoðunina. Honum er einnig óheimilt að taka að sér stjórnunarstöðu í tvö ár hjá fyrirtækinu frá því hann lét af störfum sem ábyrgðarmaður/stjórnandi endurskoðunar hjá því.

Alþjóðleg samskipti

Tilskipunin inniheldur einnig margvísleg ákvæði um opinbert eftirlit í ESB/EES löndunum og samstarf milli eftirlitsnefnda þessara landa. Jafnframt er þar að finna reglur um samskipti þessara nefnda við sambærilegar nefndir í öðrum löndum, eins og t.d. PCAOB nefndina í BNA um gagnkvæmar skráningar á endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum sem endurskoða fyrirtæki skráð á markaði í BNA eða ESB/EES löndunum.

Breyting á fjórðu og sjöundu tilskipun ESB

Tilskipunin inniheldur einnig breytingar á fjórðu og sjöundu tilskipuninni, sem fjalla um ársreikninga og samstæðureikninga. Aðal breytingin felur í sér kröfu um nánari greiningu á þóknun endurskoðenda í skýringum við reikningsskil, með þeim hætti að skipta þarf þóknuninni upp í þóknun fyrir endurskoðun, fyrir aðra staðfestingarvinnu, skattaráðgjöf og aðra ráðgjöf. Þetta er væntanlega gert til þess að tryggja að þóknun fyrir endurskoðun sé ekki óeðlileg miðað við

Haustráðstefna FLE í Stokkhólmi



Á leið í móttöku hjá KB banka.

umfang verkefnis, og þóknun fyrir aðra vinnu sé innan eðlilegra marka.

Vinna framundan

Ljóst er að innleiðing á áttundu tilskipuninni mun hafa víðtæk áhrif á endurskoðun og starfsvið endurskoðenda hér á landi en gera má ráð fyrir að hún taki gildi hér frá og með ársbyrjun 2008. Í lögum og reglugerðum um endurskoðun og endurskoðendur er að finna ýmis ákvæði sem eru í samræmi við kröfur áttundu tilskipunarinnar og þarfnast ekki breytinga, en á öðrum sviðum vantar ákvæði um ýmislegt sem er í tilskipuninni. Þar má aðallega nefna ítarlegri síða- og óhæðisreglur, beitingu á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA) við endurskoðun, gæðaeftirlit og sérkröfur við endurskoðun á fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum.

Í tengslum við innleiðingu tilskipunarinnar hefur verið myndaður norrænn vinnuhópur á vegum Norræna endurskoðendasambandsins með þátttöku fulltrúa FLE. Væntir stjórn FLE mikils af því samstarfi, sem m.a. miðar að því að innleiðing áttundu tilskipunar ESB og breytingar á lögum því samfara verði með samræmdum hætti á öllum Norðurlöndunum.

Frá 1989 hefur menntunarnefnd FLE staðið fyrir ráðstefnum erlendis. Á þeim tíma þegar þessar ráðstefnur á erlendri grund voru að hefjast, voru ferðalög til útlanda ekki eins almenn og nú er orðið. Þá voru þau tengsl sem við þekkjum við erlend endurskoðunarfyrirtæki ekki til nema í undantekningartilfellum. Erlent eignarhald þekktist varla nema hjá stóru fiskútflutningsfyrirtækjunum og aðallega í formi söluskrifstofa. Á þessum tíma voru starfsstöðvar endurskoðenda mun minni en við þekkjum í dag.

Tímarnir hafa breyst mikið og nú er verulegur hluti endurskoðenda hjá nokkrum stærstu fyrirtækjunum sem öll eru með erlend tengsl. Útrás íslenskra fyrirtækja er kröftug og stöðugt berast fréttir af kaupum á hlutum í erlendum fyrirtækjum, litlum og stórum. Ferðir til útlanda eru orðnar reglulegur hluti af lífsmynstri Íslendinga og fara þeir jafnvel nokkrar ferðir á ári. Þrátt fyrir þessar breytingar eða e.t.v. vegna þeirra eru ráðstefnur FLE á erlendri grundu vel sóttar.

Svo var um haustráðstefnu FLE sem haldin var nú í lokseptembers.l. í Stokkhólmi. Undirbúningur hófst fyrir um tveimur árum með því að kanna staðarval. Þar kom Stokkhólmur sterkast út. Menntunarnefnd vann að skipulagningu þessarar ráðstefnu allar götur síðan en

meginvinnan var síðasta árið fyrir ráðstefnuna. Ferðanefnd var komið á og var hún skipuð sjálfri menntunarnefndinni auk nokkurra fyrrum formanna nefndarinnar, þeirra Margretar Flóvens, Ómars Björnssonar og Páls Grétars Steingrímssonar. Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir vann ötullega að skipulagningunni ásamt Gunnari Sigurðssyni, eftir að hann kom til starfa hjá félaginu.

Markmiðið var að halda áhugaverða ráðstefnu í bland við árhátíð og gera það þannig að eftirminnilegt yrði. Þar sem IFRS mál voru efst á baugi þetta ár var lögd höfuðáhersla á að kynnast reynslu Svía á því sviði. Í Svíþjóð er skylt að endurskoða öll félög óháð stærð. Var það talið áhugavert fyrir okkur, sem erum yfirleitt að vinna í litlum fyrirtækjum borið saman við heimsmarkaðinn. Alþjóðlegir endurskoðunaraðilar sem okkur er skylt að vinna eftir, eru ekki beinlínis skrifaðir með lítil fyrirtæki í huga. Fróðlegt var því talið að kynnast þeim tókum sem Svíar hafa tekið þessi mál.

FAR er systurfélag FLE í Svíþjóð og var ákveðið að fá kynningu á starfsemi þess. Vitað var að þar starfa milli 10-15 starfsmenn, félagið stendur fyrir viðamikilli útgáfu fræðsluefnis og stendur fyrir endurmenntun fyrir sína félagsmenn.



Fyrir utan FAR eru starfandi tvö önnur félög að mestu sambærileg.

Dagskrá haustráðstefnunnar var því skipulögð að mestu í þessum anda. Þar sem nauðsynlegt er fyrir endurskoðendur að þekkja annað en reikningshald og endurskoðun þá hefur undanfarin ár ávallt verið reynt að hafa eitt erindi sem alls ekki tengist faginu. Þetta kann að vera umdeilanlegt en varla meira. Þetta er hugsað til að létta aðeins dagskrána og gefa endurskoðendum innsýn í eitthvað annað en fagið. Ráðstefnugestir ættu því að vera viðræðuhæfir um annað en bara fagið.

Alls tóku þátt 107 endurskoðendur og makar voru rétt um 90. Ferðanefnd félagsins fór út miðvikudaginn 28. september til að undirbúa ráðstefnuna og taka á móti félagsmönnum. Allnokkrir félagsmenn fóru þennan dag líka. Félagsmenn komu svo í tveimur hópum þann 29. Dagskráin skyldi svo hefjast daginn eftir.

Lagt var af stað frá hótelinu árla morguns föstudaginn 30. september að skrifstofum FAR þar sem kynnt var starfsemi félagsins sem ekki verður rakin hér. Skipta þurfti hópnum upp sakir fjölmennis en þrátt fyrir mikla fræðslustarfsemi á vegum sænska félagsins höfðu þeir engan sal til að taka á móti svo stórum hóp. Fyrirlesarar færðu sig milli sala og fluttu að öllum líkindum sömu erindi á báðum stöðum en þó á mismunandi tíma. FAR bauð upp á veitingar og voru þar á boðstólum ansi spennandi ávaxtadrykkir með léttum áfengisstyrk og veitti mörgum ekki af. Eftir að hafa fengið fræðslu um starfsemi systurfélags FLE í fróðlegum erindum, var haldið sem leið lá niður að höfn til móts við maka.

Stigið var um borð í s/s Stockholm sem er gamalt póstskip. Upphaflega gufuskip frá þriðja tug s.l. aldar. Leiðin lá um sænska skerjagarðinn, um borð var snæddur hádegisverður og hlýtt á leiðsögn. Margt skemmtilegt bar fyrir augu hvort sem litast var um utan eða innan skips. Siglt var fram hjá Vasa safninu en þar innanhúss er hið fræga Vasa skip sem er heljarmikið skip. Byggingarsaga þess var löng en sigling þess innan við hálf tími, þá var það sokkið. Í safninu er gerð grein fyrir byggingarsögu, stuttri siglingu og björgunarsögu skipsins. Eftir um fjögurra tíma stím með hlaðborði, milli eyja skerjagarðsins í blíðviðri var komið að landi á sama stað og lagt var upp. En mjög auðvelt mun vera að villast þarna því skerjagarðurinn er mjög víðáttumikill og má eyða þar vikum eða meir vilji menn skoða hann allan. Fjórir tímar duga hinsvegar flestum vel. Ekki bar á sjóveiki enda við afkomendur sjómanna í allar ættir, mislangt.

Þegar komið var í land var haldið beint í mótöku hjá Kaupþing banka sem kynnti starfsemi sína og bauð léttar veitingar. Kynningin fór fram í danssafni ekki fjarri lendingarstað skipsins. Enga dansa var þar að sjá, hins vegar stórkostlegt safn dansbúninga allstaðar að úr heiminum, enda erfitt að safna dösnum.

Hin eiginlega ráðstefna fór fram laugardaginn 1. október. Fór hún fram í skemmtilegum sal í sjálfri lestarstöðinni sem upphaflega hafði verið skipulagt sem biðsalur fyrir menn. Fór allt fram eins og skipulagt hafði verið og var fróðlegt svo varla kom nokkrum dúr á auga. Verður efnið ekki rakið frekar en bæði þótti að of langt hádegisverðarhlé hafi verið tekið á kostnað



Á siglingu í sænska skerjagarðinum

fróðlegra erinda og að full skammur tíma hafi verið eftir ráðstefnuna til árshátíðarinnar.

Lokaerindið að þessu sinni flutti Nanna Hermannsson, sem var mjög fróðlegt og áhugavert erindi um samskipti Svía og Íslendinga í gegnum tíðina og bar saman menningu þjóðanna í víðum skilningi. Hún hefur reynslu og þekkingu á þessu því hún er sænsk og íslensk að uppruna og hefur starfað bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Hún starfaði hér í Reykjavík sem borgarminjavörður í rétt um 10 ár og er nú borgarminjavörður í Stokkhólmi. Kynnti hún okkur ýmis samskipti þjóðanna frá fyrri tíð til okkar daga. M.a. að sænska hafi verið skyldufag í Samvinnuskólanum, innréttingar á skrifstofur KEA hafi verið hannaðar í Svíþjóð, Svíar hafi á árunum fyrir stríð keypt um 2/3 af allri síld okkar Íslendinga svo úr varð þeirra vinsæla jólasíld sem enn er þekkt þeirra á meðal og margt fleira fróðlegt. Meginmunur á menningarbrag væri að Íslendingar væru nýjungagjarnir en Svíar íhalds-



Söngur kvenendurskoðenda á Skansen í Stokkhólmi

samir, Íslendingar mun duglegri og að þeirra mottó gæti verið: Því ómögulegra - því betra.

Fastur liður í dagskrá haustráðstefnu er árhátíðin og var hún haldin að kvöldi laugardagsins. Var hún haldin í hinu glæsilega Solliden á Skansinum, út á eyju einni, Djurgaarden. Á eyju þessari voru áður fyrr veiðilendur konunga og voru byggingarnar notaðar meðan á veiðum stóð og sem hvíldarstaður.

Veislustjóri var að þessu sinni Þorsteinn Haraldsson og fórst honum það vel úr hendi. Var öll stjórn hans á skandinavísku, enda Þorsteinn fjölhæfur maður eins og kunnugter. Heiðursgestir voru sendiherrahjónin Svavar Gestsson og Guðrún Ágústsdóttir, Björn Markland formaður NRF og hans frú Marika Markland og Dan Brännström framkvæmdastjóri FAR og hans frú Margareta Brännström. Dansað var fram eftir kvöldi en rútur fluttu árhátíðargesti heim á hótél þegar þeir höfðu dansað nóg.

Stokkhólmur er mjög hugguleg borg eins og hún birtist okkur þarna í góðu haustveðri. Hótelid okkar var staðsett mjög miðsvæðis og stutt að ganga í helstu verslunargötur, út á Gamla Stan þar sem mikil flóra veitingastaða er og nýttu flestir sér þetta vel. Mikið er um söfn í borginni af öllum tegundum og gerðum. Margt var því við að vera og voru allmargir sem lengdu dvöl sína annað hvort fyrir eða eftir ráðstefnudagana og sumir jafnvel bæði.

Menntunarnefnd FLE.

Til sölu á skrifstofu FLE

- Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-
- IASB International Financial Reporting Standards 2005. Heppilegast er að panta bókina beint að utan. Sjá nánar heimasíðu FLE.
- Handbook of International Auditing, Assurance and Ethics Pronouncements, 2005. Heppilegast er að panta bókina beint að utan. Sjá nánar heimasíðu FLE.

IAS 36 - Virðisrýrnun eigna

Félögum sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði og semja samstæðureikningsskil er skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við reikningsskil sín frá 1.1. 2005. Þessi skylda nær til fleiri félaga frá og með 1.1. 2007 og við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um ársreikninga nú í vor, þá er öllum félögum af tiltekinni stærðargráðu heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreiknings síns.

Hér á eftir verður fjallað um einn af alþjóðlegu reikningsskilastöðlum, IAS 36 - virðisrýrnun eigna, en gildistaka hans er fyrir reikningsár sem byrja 31. mars 2004 eða síðar. Það sem hefur vakið mesta athygli í staðlinum er með höndlun á viðskiptavild. Samkvæmt íslenskum lögum var viðskiptavild afskrifuð á allt að 20 árum, en samkvæmt staðlinum ber að framkvæma virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild. Viðskiptavild sem stenst virðisrýrnunarpróf er ekki afskrifuð, en ef virðisrýrnun verður á viðskiptavild þá er hún gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Grein þessi er skrifuð í framhaldi af fyrirlestri um IAS 36 sem haldinn var á reikningsskiladegi FLE, þann 18. nóvember sl. Á heimasíðu FLE (www.fle.is) eru glærur frá þeim fyrirlestri og þar má finna greiningu á helstu atriðum sem þurfa að vera til staðar við framkvæmd virðisrýrnunarprófs. Einnig er þar dæmi um útreikninga á nýtingarvirði sjóðskapandi einingar sem endurskoðandi fékk frá stjórnendum félagsins og hans aðkomu að þeim útreikningum.

Um staðal IAS 36 – Virðisrýrnun eigna:

Markmið staðals:

- Að tryggja að eignir séu ekki bókfærðar hærra en sem nemur endurheimtanlegu verði þeirra
- Að skýra hvernig endurheimtanlegt verð eignar skuli metið
- Að mæla fyrir um útreikning á virðisrýrnun og færslu í reikningsskil fyrirtækja



Halldór Arason
endurskoðandi
Deloitte hf.

Umfang staðals:

- IAS 36 á aðallega við um eftirfarandi eignir:
 - viðskiptavild
 - óefnislegar eignir
 - varanlega rekstrarfjármuni
 - fjárfestingar í dóttur- og hlutdeildarfyrirtækjum
- Staðallinn á ekki við eignir eins og birgðir (IAS 2), verk í vinnslu (IAS 11), skattineignir (IAS 12), fjárfestingareignir (IAS 40) o.fl., þar sem viðkomandi staðlar fjalla um mat á þessum eignum.

Helstu hugtök

Til að átta sig betur á efni staðalsins eru hér á eftir lýsingar á nokkur hugtökum.

Bókfært verð er sú fjárhæð sem eign er færð á í efnahagsreikningi fyrirtækis að frádræginni uppsafnaðri afskrift og virðisrýrnun.

Afskriftir eru kerfisbundin skipting afskrifanlegrar fjárhæðar eignar á notkunartíma hennar

Endurheimtanlegt verð er hvort sem hærra er af eftirfarandi:

– a) hreint söluverð / gangverð eignar að frádrægnum sölukostnaði eða,

– b) notkunarvirði eignar / nýtingarvirði

Virðisrýrnun: Eign sögð hafa rýrnað í verði þegar bókfært verð hennar er umfram endurheimtanlega fjárhæð eignarinnar.

Hreint söluverð er það verð sem reikna má að fáist fyrir eign í sölu til vel upplýsts og viljugs



kaupanda, að frádregnum kostnaði við sölu eignarinnar

Notkunarvirði / nýtingarvirði eignar er núvirði framtíðar sjóðstreymi sem vænta má af eign.

– með áframhaldandi notkun hennar

– við sölu eignar í lok líftíma hennar

Fjárskapandi eining er minnsti skilgreinanlegi eignaflokkur sem skilar innstreymi handbærs fjár vegna áframhaldandi notkunar og er að stærstum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignaflokkum innan sama fyrirtækis.

Að greina virðisrýrnun eignar:

Meta þarf á hverjum uppgjörsdegi hvort einhverjar vísbendingar eru um að eign hafi rýrnað í verði. Ef slík vísbending er fyrir hendi skal fyrirtækið framkvæma virðisrýrnunarpróf á eigninni. Við mat á hvort vísbendingar séu um að eign kunni að hafa rýrnað í verði skal fyrirtæki a.m.k. taka tillit til ákveðinna ytri og innri upplýsinga.

Ytri þættir sem ber að líta til reglulega

- lækkun markaðsverðs á sambærilegum eignum
- neikvæð þróun í tækni-, markaðs-, hag- eða lagaumhverfi
- hækkun vaxta
- gangverð hlutabréfa fyrirtækisins er lægra en bókfært virði þess

Innri þættir sem ber að líta til

- úrelding eignar eða tjón á eign
- eign er hluti endurskipulagningar eða er komin í sölufurli
- eign er að skila mun verri afkomu en búist var við

Til að greina hvort eign hefur orðið fyrir virðisrýrnun þarf að meta endurheimtanlegt verð hennar. Ef annað hvort hreint söliverð eignar að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði eignar reiknast hærra en bókfært virði eignar er ljóst að eign hefur ekki rýrnað í verði. Ef ekki er hægt að ákvarða hreint söliverð eignar (t.d. ekki virkur markaður fyrir eign) telst endurheimtanlegt verð eignar vera notkunarvirði hennar. Fyrir eign sem komin er í sölufurli er endurheimtanlegt verð hennar jafnt umsömdu söliverði að frádregnum sölukostnaði.

Við útreikninga á notkunarvirði eignar þarf að taka tillit til mats á framtíðarsjóðstreymi sem fyrirtæki væntir frá viðkomandi eign við áframhaldandi notkun hennar og endanlegri ráðstöfun hennar. Framtíðarsjóðstreymið á að núvirða með viðeigandi ávöxtunarkröfu sem;

- tekur ekki tillit til skattaáhrifa
- endurspeglar áhættulausa vexti á markaði
- endurspeglar þá áhættu sem sjóðstreymið býr við

Ef við virðisrýrnunarpróf kemur fram að endurheimtanlegt verð eignar er lægra en bókfært verð hennar, þá hefur eignin orðið fyrir virðisrýrnun. Virðisrýrnunin er færð til gjalda í rekstrarreikningi, nema að eignin sé bókfærð á endurmetinni fjárhæð samkvæmt öðrum alþjóðlegum reikningsskilastaðli (t.d. IAS 16). Eftir að færð hefur verið virðisrýrnun á eign þá þarf að aðlagja afskriftir eignarinnar til framtíðar.

Virðisrýrnun viðskiptavildar:

Samkvæmt staðlinum ber að prófa viðskiptavild fyrir virðisrýrnun árlega, óháð því hvort grunur leiki á virðisrýrnun eður ei. Virðisrýrnunarprófið skal gert á sama tíma á hverju ári, en þó má gera það á mismunandi tíma fyrir einstakar rekstrarainingar. Við sameiningu tveggja félaga myndast oft viðskiptavild. Samkvæmt staðlinum ber fyrirtæki sem kaupir að útdeila viðskiptavildinni á allar þær fjárskapandi einingar sem stjórn fyrirtækisins telur að muni njóta ávinnings af sameiningunni áður en hægt er að framkvæma virðisrýrnunarpróf á viðskiptavildinni.

Sérhver fjárskapandi eining sem viðskiptavildinni er deilt út á skal:

- Vera sú minnsta eining innan fyrirtækisins sem fyrirtækið gerir áætlanir fyrir og skilgreinir eignir sem standa að baki sjóðstreymi einingar þ.m.t. viðskiptavild
- Hún má ekki vera stærri en einstakur starfsþáttur (IAS 14)
- Virðisrýrnunartap skal fært á fjárskapandi einingu, ef endurheimtanleg fjárhæð er lægri en bókfært verð
- Þar sem niðurfærslu er þörf þá er viðskiptavildin fyrst afskrifuð
- Öll viðbótar niðurfærsla er tekin hlutfallslega af fastafjárumunum (efnislegum og óefnislegum)

- Niðurfærslu á viðskiptavild vegna virðisrýrnunar má ekki færa til baka á síðari uppgjörs tímabilum

Virðisrýrnunin sem þannig er reiknuð út skal gjaldfærð í rekstrarreikningi, nema að eignin sé bókfærð á endurmetinni fjárhæð. Virðisrýrnun á endurmetinni eign skal meðhöndluð sem endurmatlækkun. Bókfært virði eignar má aldrei lækka niður fyrir hæsta verð af eftirfarandi:

- Hreinu söliverði eignar að frádregnum sölukostnaði eignar (ef hægt er að ákvarða það)
- Notkunarvirði eignar
- 0

Ef vísbending er um virðisrýrnun, er eignin sem um ræðir prófuð fyrst áður en rekstrareiningin er prófuð í heild vegna virðisrýrnunar á óefnislegum þáttum. Byggja má útreikninga á forsendum fyrri tímabila að því gefnu að ákveðin skilyrði séu uppfyllt.

Bakfærsla virðisrýrnunartaps

Virðisrýrnun getur gengið til baka ef t.d. markaðsverð eignarinnar hefur hækkað verulega á tímabilinu eða verulegar breytingar, sem hafa haft jákvæð áhrif á fyrirtækið hafa átt sér stað á tímabilinu eða vænst er að eigi sér stað í náinni framtíð. Bakfærslan getur náð til t.d. varanlegra rekstrarfjármuna, óefnislegra eigna, en ekki viðskiptavildar (nema í undantekningartilvikum og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum).

Hér á eftir eru tilgreind þrjú dæmi til að tengja saman staðalinn við það sem gerist hjá fyrirtækjum.

Mat á virðisrýrnunartapi:

Fyrirtæki A er að meta allar eignir félagsins vegna virðisrýrnunar þar sem verðfall hefur orðið á markaðnum fyrir framleiðsluvörur þess. Verksmiðja félagsins er 10 ára gömul og hefur bókfært verð að fjárhæð 80 milljónir og nýtingarverð eignarinnar er metið 75 milljónir, að teknu tilliti til verðlækkunar á framleiðsluvörum fyrirtækisins. Sambærileg verksmiðja (í eigu samkeppnisaðila) var seld fyrir 82 milljónir. Ráðstöfunarkostnaður vegna sölu er metinn í kringum eina milljón. Það er virkur markaður fyrir vélarnar í verksmiðjunni en stjórnendur hafa ekki í hyggju að selja verksmiðjuna.

Á fyrirtæki A að færa virðisrýrnunartap að



fjárhæð 5 milljónir þar sem nýtingarvirði eignarinnar er lægra en bókfært verð?

Svar: Nei, það á ekki að færa verksmiðjuna niður þar sem hreint söliverð eignarinnar er hærra en notkunarvirðið og telst því vera endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar. Bókfært verð eignarinnar er því ekki umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar og því þarf ekki að færa virðisrýrnunartap.

Bakfærsla virðisrýrnunartaps:

Óefnisleg eign (einkaleyfi) sem kostar 40 milljónir er færð niður með jöfnum fjárhæðum á 20 árum. Tveimur árum eftir að eignin er keypt er hún færð niður vegna virðisrýrnunar úr bókfærðu verði að fjárhæð 36 milljónir niður í endurheimtanlegt virði að fjárhæð 20 milljónir. Tveimur árum síðar er talið að endurheimtanlegt virði eignarinnar sé 40 milljónir þar sem breyting hefur orðið á því mati sem notað var til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð eignarinnar.

Er heimilt að bakfæra virðisrýrnunartapið?

Svar: Já að vissu marki. Í staðlinum segir að virðisrýrnunartap, sem fært var á fyrri árum, skuli bakfært þá, og því aðeins að breyting hafi átt sér stað á því mati sem notað er til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð frá því að síðasta virðisrýrnunartap var fært. Hins vegar er virðisrýrnunartap aðeins bakfært að því marki sem það hækkar ekki bókfært verð umfram bókfært verð sem hefði verið ákvarðað fyrir eignina (að frádregnum afskriftum) ef ekkert virðisrýrnunartap hefði verið fært á fyrri árum. Einkaleyfið myndi því verða fært upp í 32 milljónir (þ.e. afskriftir í 4 ár af 20).

Eign meðal fjárskapandi einingar sem ekki skilar neinu innstreymi handbærs fjár:

Vél sem tilheyrir sérgreindri fjárskapandi einingu er orðin úrelt og er ekki lengur notuð til öflunar handbærs fjár. Bókfært verð vélarinnar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð (hreint söliverð).

Hins vegar er endurheimtanleg fjárhæð hinnar fjárskapandi einingar sem vélin tilheyrir hærra en bókfært verð einingarinnar.

Þarf að færa vélina niður vegna virðisrýrnunar?

Svar: Já, það þarf að færa eignina niður þar sem bókfært verð hennar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð (hreintsöliverð). Meginreglan er sú að meta skal virðisrýrnun á einstökum eignum, þar sem það er mögulegt. Vélin tilheyrir ekki hinn sjóðskapandi einingu þar sem hún er ekki lengur í notkun. Það þarf því að færa eignina niður í endurheimtanlega fjárhæð.

Viðskiptavild hjá íslenskum félögum

Viðskiptavild myndast þegar félag kaupir annað félag á hærra verði en mat (gangvirði) eigna þess segir til um og skal þá færa þann mismun sem viðskiptavild. Viðskiptavildin á að end-

urspegla framtíðarhagnað af viðkomandi starfsemi. Ef litið er til þeirra félaga sem skráð eru í Kauphöll Íslands þá hefur bókfærð viðskiptavild aukist mikið þar sem félög hafa vaxið með kaupum á öðrum félögum. Hér að neðan eru listuð upp nokkur félög sem skráð eru í Kauphöll Íslands og er miðað við uppgjör 30.6.2005. Sjá má að eignfærð viðskiptavild nemur háum fjárhæðum hjá mörgum félögum og er stór hluti af eigin fé þeirra. Hjá þessum félögum hefur viðskiptavildin að mestu staðist virðisrýrnunarpróf og félögin hafi aðeins að litlu leyti þurft að afskrifa viðskiptavild í reikningsskilum sínum. Tíminn á síðan eftir að leiða í ljós hvort það á eftir að breytast og afskrift á viðskiptavild vegna virðisrýrnunar komi fram í reikningsskilum félaganna.

Viðskiptavild ISK		% af eignum	% af eigið fé
Actavis Group	20.808	25%	44%
Bakkavör Group	55.641	46%	467%
Flaga Group	2.477	61%	92%
Kaupþing Banki hf.	32.879	2%	18%
Kögun hf.	10	59%	168%
Marel hf.	617	7%	21%
Mosaic Fashions hf.	18.315	49%	135%
SÍF hf.	14.585	27%	71%
Össur hf.	1.607	23%	41%

Fjárhæðir byggja á árshlutauppgjöri 30. júní 2005. Viðskiptavild í milljónum króna.

Opnunartími skrifstofu FLE

Mánud. - fimmtud. frá kl. 9 – 12:30

Sími: 568 8118 • Fax: 568 8139 • Tölvupóstfang: fle@fle.is

Heimasíða FLE: www.fle.is

Starfsmenn skrifstofu:

Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir
framkvæmdastjóri:
Beinn sími: 568 2699
Tölvupóstfang: arnbjorg@fle.is

Gunnar Sigurðsson
faglegur framkvæmdastjóri
Beinn sími: 568 2704
Tölvupóstfang: gunnar@fle.is



Gæðaeftirlit haustið 2005



Sif Einarsdóttir
formaður
Gæðanefndar FLE
2005-2006



Óskar Sverrisson
formaður
Gæðanefndar FLE
2004-2005

Evrópskt lagaumhverfi og kröfur um gæðaeftirlit endurskoðenda

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir því lagaumhverfi sem hefur áhrif á gæðaeftirlit FLE og skipulag þess. Þar sem Ísland tilheyrir evrópska efnahagssvæðinu hafa lög Evrópusambandsins bein áhrif á íslenska löggjöf í gegnum EES samninginn. Áttunda tilskipun laga Evrópusambandsins um endurskoðun („8th Company Law Directive on statutory audit of annual accounts and consolidated accounts“) segir meðal annars til um hvernig gæðaeftirliti skuli vera háttað með störfum endurskoðenda í Evrópu. Nú í árslok 2005 er frumvarp um breytingar á tilskipuninni í samþykktarferli sem áætlað er að ljúki fyrir næstu áramót. Frumvarpið hefur legið fyrir síðan 16. mars 2004. Þeir kaflar frumvarpsins sem helst varða ofangreint gæðaeftirlit eru 7. kafli, gr. 29 („Quality Assurance“) og 9. kafli, gr. 31-34 („Public oversight and regulatory arrangements between Member States“), auk 11. kafla, gr. 41-42 („Special provisions for the statutory audit of public interest entities“). Þessar lagagreinar fjalla um sömu meginatriði og tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 15. nóvember 2000 um gæðatryggingu lögboðinnar endurskoðunar í ríkjum Evrópusambandsins. Meðal annars er þar nánar kveðið á um opinbert eftirlit með stjórnun og framkvæmd gæðaeftirlits

og framsetningu niðurstaðna þess, en í tilmælunum frá 2000 er einungis kveðið á um að vera skuli „fullnægjandi opinbert eftirlit“ með gæðaeftirlitinu og það sé einkum mikilvægt þegar um „starfsbræðraúttekt“ sé að ræða (2. gr. „Aðferðir“), líkt og um er að ræða við núverandi fyrirkomulag gæðaeftirlits FLE.

Ekki er ætlunin að tíunda innihald frumvarpsins hér frekar, heldur er vísað í slóð frumvarpsins (http://www.europa.eu.int/comm/internal_market/auditing/officialdocs_en.htm). Þó er vert að vekja sérstaka athygli á því að í frumvarpinu er kveðið á um að opinberu eftirliti (e. public oversight) skuli stjórnad af aðilum sem ekki starfa við endurskoðun (e. non-practitioners), en hafa þekkingu á lögskipaðri endurskoðun. Heimilt er þó að minnihluti þeirra sem stjórna slíku eftirliti starfi við endurskoðun.

Eftir að ofangreint frumvarp hefur verið samþykkt af Evrópuþinginu má ætla að fljótlega verði íslensk lög um endurskoðendur tekin til skoðunar af fjármálaráðuneytinu en áttunda tilskipunin gerir ráð fyrir að aðlögun íslenskra laga verði lokið innan tveggja ára.

Gæðaeftirlit í nágrannalöndum okkar

Gæðaeftirlit á hinum Norðurlöndunum hófst fyrir en hér á Íslandi og má telja að við getum lært margt af frændum okkar á Norðurlöndunum. Til dæmis hafa Norðmenn verið með gæðaeftirlit í meira en áratug þegar þetta er skrifað og var mikið horft til norska gæðaeftirlitsins við skipulagningu á hinu íslenska. Norðurlandþjóðirnar hafa miðað sitt gæðaeftirlit við ofangreind tilmæli Evrópusambandsins frá árinu 2000 og frá því að fyrrgreint frumvarp að breytingum á áttundu tilskipun laga Evrópusambandsins um endurskoðun var lagt fram fyrir um 20 mánuðum hefur væntanlega gefist góður tími til að fara yfir það sem hefur breyst og bæst við. Það verður

áhugavert fyrir gæðanefnd FLE að fylgjast með því hvort þessar lagabreytingar muni valda einhverjum breytingum á gæðaeftirliti hjá þessum grannþjóðum okkar eða hvort þær hafi nú þegar tekið tillit til allra krafna laganna.

Eftirtalin upptalning er birt með þeim fyrirvara að hún lýsir einungis hverjir fara með gæðaeftirlit með þeim endurskoðendum sem eru meðlimir í þarlandum fagfélögum endurskoðenda (upplýsingar frá apríl 2005, sett fram með fyrirvara):

- Í Danmörku fer opinber eftirlitsaðili, „Revisortilsynet“, með allt gæðaeftirlit með endurskoðunarverkefnum (e. audit and assurance work). Félag endurskoðenda fer með gæðaeftirlit með öðrum verkefnum endurskoðenda.
- Í Noregi fer félag endurskoðenda með gæðaeftirlit í gegnum gæðanefnd, undir eftirliti opinbers eftirlitsaðila, „Kredittilsynet“. Skriflegt samkomulag gildir um verkaskiptingu og upplýsingagjöf á milli þessara aðila.
- Í Svíþjóð fer félag endurskoðenda með gæðaeftirlit í gegnum gæðanefnd, undir eftirliti „Kvalitetskontrollstyrelsen“ (þar sem aðilar sem ekki starfa við endurskoðun eru í meirihluta). Skriflegt samkomulag er við opinberan eftirlitsaðila, „Revisorsnämnden“ líkt og í Noregi.
- Í Finnlandi fer félag endurskoðenda með gæðaeftirlit í gegnum gæðanefnd. Í gangi eru viðræður við opinberan eftirlitsaðila, „Central handelskammaren“, um að gera svipað samkomulag milli aðila og er í Svíþjóð og Noregi.

Eins og sjá má af upptalningunni hér fyrir ofan, eru það einungis Danir sem hafa látið gæðaeftirlitið frá sér til sérstaks eftirlitsaðila, en á hinum Norðurlöndunum fara fagfélögin með gæðaeftirlit hjá sínum félagsmönnum, undir stjórn og með samkomulagi við opinbera eftirlitsaðila í þessum löndum. FLE hefur þá stefnu að eftirlitið haldist sem mest í umsjón félagsins.



Gæðaeftirlit FLE 2005

Í samræmi við reglur um gæðaeftirlit FLE sem samþykktar voru á félagsfundi 5. maí 2004 hefur gæðanefnd félagsins sett af stað eftirlit sem nær til allra félaga í Félagi löggiltra endurskoðenda. Eftirlitinu er ætlað að ná til allra félagsmanna á sex árum. Valið stendur um einstaka félaga sem ábyrgð bera á endurskoðunarverkefnum og er árlagt úrtak til skoðunar valið tilviljanakennt.

Gæðanefnd sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlitsins hefur tilnefnt gæðaeftirlitsmenn í samráði við stjórn FLE. Þeir sem eftirlitið beinist að geta óskað eftir að fá annan gæðaeftirlitsmann en skulu þá rökstyðja beiðni sína þar að lútandi.

Gæðaeftirlitsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um endurskoðendur.

Það hefur áhrif á umfang gæðaeftirlitsins hvort endurskoðandi vinnur á stofu sem er með innra gæðaeftirlitskerfi eða ekki. Reiknað er með að gæðaeftirlitið taki að jafnaði hálfan dag hjá hverjum endurskoðanda og fari fram á þeim tíma og stað sem endurskoðandi og gæðaeftirlitsmaður ákveða.

Við eftirlitið verða notaðir staðlaðir spurningarlistar, en að öðru leyti er stuðst við gæðahandbók FLE um endurskoðunarferil. Bæði spurningalistarnir og gæðahandbókin eru aðgengileg á heimasíðu félagsins en verklagsreglurnar geta félagsmenn fengið sendar með tölvupósti frá skrifstofu félagsins ef eftir því er óskað.

Stjórn FLE hefur ákveðið að félagsmaður sem gæðaeftirlitið beinist að skuli greiða fast gjald kr. 50 þúsund vegna þóknunar gæðaeftirlitsmanna en FLE mun standa undir öðrum kostnaði við gæðaeftirlitið.

Markmið gæðaeftirlits FLE er tvíþætt:

- að hvetja og aðstoða félagsmenn og fyrirtæki þeirra til að uppfylla ströngustu kröfur sem gerðar eru til starfa þeirra á hverjum tíma.
- að tryggja að endurskoðendur innan FLE fullnægi þeirri þörf samfélagsins að veita ávallt þjónustu í hæsta gæðaflokki og viðhaldi þar með trausti almennings.

Það er von gæðanefndar FLE að góð samvinna takist á milli aðila sem eftirlitið nær til og gæðaeftirlitsmanna. Gæðanefndin og Gunnar Sigurðsson faglegur framkvæmdastjóri FLE veita fúslega allar nánari upplýsingar sem tengjast gæðaeftirlitinu.

Til hamingju með afmælið

70 ára þann 13. janúar 2006	Guðmundur Einar Erlendsson
70 ára þann 30. maí 2006	Helgi V. Jónsson
70 ára þann 5. desember 2006	Ingi R. Jóhannsson
65 ára þann 6. júní 2006	Guðmundur Sveinsson
65 ára þann 6. júlí 2006	Arnór Eggertsson
65 ára þann 17. ágúst 2006	Valdimar Guðnason
65 ára þann 2. september 2006	Hallgrímur Þorsteinsson
65 ára þann 27. október 2006	Ólafur B. Kristinsson
65 ára þann 9. desember 2006	Sigurður Þórðarson
65 ára þann 25. desember 2006	Sigurður Ámundason
60 ára þann 8. janúar 2006	Hreggviður G. Þorsteinsson
60 ára þann 15. janúar 2006	Guðmundur R. Óskarsson
60 ára þann 5. febrúar 2006	Kristleifur Indriðason
60 ára þann 2. apríl 2006	Stefán Svavarsson
60 ára þann 8. júní 2006	Gunnar Hjaltalín
60 ára þann 28. júní 2006	Guðmundur Friðrik Sigurðsson
60 ára þann 2. júlí 2006	Símon Hallsson
60 ára þann 22. ágúst 2006	Ómar Kjartansson
60 ára þann 17. september 2006	Helgi Númason
60 ára þann 18. september 2006	Victor Knútur Björnsson
50 ára þann 6. janúar 2006	Ragnar Gíslason
50 ára þann 29. febrúar 2006	Sigurður Jónsson
50 ára þann 22. apríl 2006	Kristján Gunnarsson
50 ára þann 24. apríl 2006	Sigurður P. Sigurðsson
50 ára þann 30. apríl 2006	Bjarki Júlíusson
50 ára þann 4. júní 2006	Elín Jónsdóttir
50 ára þann 1. september 2006	Ása Kristbjörg Karlsdóttir
50 ára þann 2. október 2006	Hörður Gunnarsson
50 ára þann 20. október 2006	Einar Hafliði Einarsson
50 ára þann 22. nóvember 2006	Hjördís Ásberg
50 ára þann 10. desember 2006	Ragnar Jóhann Jónsson
40 ára þann 18. janúar 2006	Lúðvík Karl Tómasson
40 ára þann 28. febrúar 2006	Sigurður M. Jónsson
40 ára þann 17. maí 2006	Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson
40 ára þann 4. ágúst 2006	Hildur Árnadóttir
40 ára þann 20. október 2006	Auðunn Guðjónsson
40 ára þann 24. október 2006	Steingrímur Sigfússon
40 ára þann 8. nóvember 2006	Eymundur Sveinn Einarsson
40 ára þann 21. desember 2006	Sigríður Söebeck
30 ára þann 1. febrúar 2006	Ingunn Hafdís Hauksdóttir



Reikningsskiladagur FLE



Fjöldmennir á Reikningsskiladegi FLE 2005

Reikningsskiladagur FLE var haldinn í þriðja sinn þann 18. nóvember s.l. á Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var öllum opin og voru þátttakendur 207. Aðalfundur félagsins var að þessu sinni í beinu framhaldi af ráðstefnunni.

Ráðstefnustjóri var Stefán Svavarsson, endurskoðandi og forstöðumaður við HR. Jóhann Unnsteinsson, endurskoðandi hjá Ernst & Young, reið á vaðið með umfjöllun um nýlegar breytingar á lögum um ársreikninga.

Næstur á mælendaskrá var Jón Arnar Baldurs, endurskoðandi hjá Ársreikningaskrá. Hann kynnti eftirlit, sem er að fara af stað hjá Ársreikningaskrá, með reikningsskilum fyrirtækja sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Hann sagði líka frá samstarfi eftirlitsaðilanna innan evrópska efnahagssvæðisins og benti að lokum á annmarka í núgildandi lagaramma þar sem skorti heimildir til úrræða auk þess sem nauðsynlegt væri að tryggja að einhvers konar sérfræðingaráð styðji við bakið á eftirlitsaðilunum.

Því næst fengu ráðstefnugestir að heyrja sjón-

armið þriggja aðila varðandi áhrif alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á íslensk fyrirtæki. Friðrik Jóhannsson, endurskoðandi og stjórnarformaður TM Software, sagði frá áhrifum staðlanna á reikningsskil TM Software annars vegar og Marel hins vegar. Reynir Stefán Gylfason, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti meðal annars áhrif innleiðingarinnar á hagnað og eigið fé 20 íslenskra fyrirtækja. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, skoðaði áhrif staðlanna á fjármálamarkað á Íslandi frá sjónarhorni greinandans. Hún benti á ýmislegt sem betur mætti fara varðandi upplýsingagjöf, sagði frá erfiðleikum við samanburð milli ára og einnig milli rauntalna og markmiða. Að lokum kom hún þeirri ósk á framfæri við endurskoðendur að þeir leggðu sitt af mörkum til þess að skýringar ársreikninga verði ítarlegri.

Ólafur Þór Jóhannesson, endurskoðandi hjá PwC, fjallaði um sérstakt endurmat eigna. Megináhrslan í umfjöllun hans var á varanlega rekstrarfjármuni og sýndi hann m.a. dæmi um

reikningshaldslega meðhöndlun eigna sem metnar eru með sérstöku endurmati.

Síðastur á mælendaskrá var Halldór Arason, endurskoðandi hjá Deloitte, og fjallaði hann um virðisrýrnunarpróf. Í umfjöllun sinni fjallaði hann meðal annars um staðal 36 varðandi virðisrýrnun eigna, um viðskiptavild íslenskra fyrirtækja, sýndi nokkur dæmi og sagði frá helstu atriðum varðandi framkvæmd virðisrýrnunarprófs.

Reikningsskilanefnd FLE.

Tilkynning til félagsmanna FLE

Almenna reglan er sú að tilkynningar um fundi og ráðstefnur á vegum FLE eru sendar til félagsmanna með tölvupósti. Félagsmönnum FLE sem óska eftir að fá slíkar tilkynningar í almennum pósti er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins.

Sérstakt endurmat eigna

Tilgangur þessa greinarstúfs er að gera stuttlega grein fyrir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS/IAS) er lúta að sérstöku endurmati varanlegra rekstrarfjármuna og hvaða áhrif slíkt endurmat hefur á afkomu og efnahag þeirra félaga sem kjósa að beita slíku mati. Í lokin mun ég greina frá öðrum eignaflokkum þar sem gangvirði kemur við sögu. Með sérstöku endurmati er átt við að eignir eru metnar við svokölluðu gangvirði (e. fair value) og kostnaðarverðsreglu reikningshaldsins því ýtt til hliðar. Með gangvirði er átt við markaðsverð eigna eða það að öðrum aðferðum s.s. núvirtu sjóðstreymi/endurkaupsaðferð sé beitt þegar markaðsverð er ekki til staðar.

Áður en lengra er haldið er rétt að lista upp þá alþjóðlegu reikningsskilastaðla sem koma við sögu og hafa áhrif á mat varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi:

- IAS 16 Property, plant and equipment
- IAS 23 Borrowing costs
- IAS 36 Impairment of assets
- IAS 37 Provisions, contingent liabilities and contingent assets
- IFRS 5 Non-current assets held for sale and discontinued operations

Meginregla við skráningu varanlegra rekstrarfjármuna og hvenær á sérstakt endurmat eigna við?

Meginregla við skráningu varanlegra rekstrarfjármuna er kostnaðarverðsreglan svokallaða. Í henni felst að færa þann kostnað til eignar sem líklegt er talið að muni skapa framtíðarávinning og þann kostnað sé hægt að mæla með áreiðanlegum hætti. Eignfærður kostnaður er svo afskrifaður á áætluðum nýtingartíma eignarinnar (useful life) niður í áætlað hrakvirði hennar (residual value) frá þeim tíma sem eign er tilbúin til notkunar.

Svokölluð endurmatsaðferð (revaluation model) er varaaðferð (alternative) og henni er heimilt að beita á tiltekna eignaflokka ef hægt er að mæla gangvirði með áreiðanlegum hætti. Með eignaflokki er átt við t.d. fasteignir, flugvélar, skip, bifreiðar o.s.frv.

Má velja eignir til sérstaks endurmats og hversu oft á að framkvæma matið?

Eins og fram kemur hér að framan verður endurmatið að ná til eignaflokksins í heild sinni. Það er því ekki heimilt að beita endurmati á tiltekna flugvél án þess að taka allar flugvélnar með í matið.

Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli nr. 16 (IAS 16) er ekki kveðið á með nákvæmum hætti hversu oft slíkt mat skal fara fram. Það ræðst af mikilvægi fjárhæðanna í efnahagsreikningi og sveiflum í verðmæti þeirra. Almenn er miðað við að eignir sem nema verulegum fjárhæðum og/eða verðmæti þeirra sveiflast verulega skuli meta árlega. Annars er miðað við að matið fari fram á 3-5 ára fresti.

Áhrif sérstaks endurmats á afkomu og efnahag

Ef beitt er heimildarákvæði í IAS 16 þá stækkar efnahagsreikningurinn (miðað við jákvætt endurmat) og reiknaðar afskriftir í rekstrarreikningi hækka þar sem afskriftastofninn hækkar sem leiðir til verri afkomu. Við endurmatið myndast sérstakur eiginfjárreikningur sem tekur við endurmatshækkuninni að teknu tilliti til reiknaðra tekjuskattsáhrifa. Þann eiginfjárreikning má ekki hreyfa nema eign sé seld, endurmat á ekki lengur við eða virðisrýrnunartap á sér stað (impairment loss).

Heimilt er að færa afskriftaáhrif endurmatsins, þ.e. þann hluta afskrifta sem færður er í rekstrarreikning og tilheyrir endurmatinu, af endurmatshækkuninni yfir á óráðstafað eigið fé á afskriftatíma endurmatsins. Sérstakt endurmat eigna hefur þ.a.l. ekki áhrif á arðgreiðslumöguleika félaga þrátt fyrir lakari afkomu vegna hærri afskrifta.

Við sölu eigna sem metnar hafa verið með sérstöku endurmati færast sú fjárhæð sem eftir stendur á eiginfjárreikningi, sbr. umfjöllun um afskriftir hér að framan, á óráðstafað eigið fé. Söluhagnaður (-tap) reiknast því sem mismunur á bókfærðu verði og söluverði eignarinnar á söluvegi og er endurmatið innifalið í þeirri fjárhæð.



Ólafur Þór Jóhannesson, endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers hf.

Endurmat annarra eigna en varanlegra rekstrarfjármuna

Það eru ekki einungis varanlegir rekstrarfjármunir sem heimilt/skylt er að meta við gangvirði. Aðrar eignir sem heimilt/skylt er að meta við gangvirði eru:

- fjáreignir sem eru til sölu (available-for-sale) er skylt að meta við gangvirði. Áhrifin koma fram á sérstökum eiginfjárreikningi þar til eignin er seld en þá er undið ofan af endurmatinu og söluhagnaður (-tap) reiknast sem mismunur á söluverði eignarinnar á söluvegi og upphaflegu kostnaðarverði.
- fjárfestingaeignir (investment properties) er heimilt að meta við gangvirði. Hér er einkum átt við eignir fasteignafélaga. Gangvirðisbreytingar koma þá fram sem sérstakur liður í rekstrarreikningi en afkomu þessara félaga er skipt upp í eiginfjárfirliti milli sérstaks eiginfjárreiknings (gangvirðisshreyfingar a.t.t.t. tekjuskatts) og óráðstafaðs eigin fjár.
- óáþreifanlegar eignir er heimilt að meta við gangvirði með sambærilegum hætti og varanlegir rekstrarfjármunir
- líffræðilegar eignir (biological assets) er skylt að meta við gangvirði

Niðurlag

Það er mitt mat að það muni færast í aukana á komandi árum að stjórnendur fyrirtækja vilji láta varanlega rekstrarfjármuni standa í gangvirði í efnahagsreikningum fyrirtækjanna. Við endurskoðendur þurfum því að vera vel á varðbergi því þetta mun gera auknar kröfur til okkar (einu sinni enn!) þar sem við þurfum að gefa álit á þeim aðferðum sem eru viðhafðar og liggja til grundvallar mati á viðkomandi eignum.



Innleiðing IFRS



Reynir Stefán Gylfason, endurskoðandi hjá KPMG

Frá og með 1. janúar s.l. hafa samstæður með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands þurft að semja ársreikninga sína í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Samkvæmt núgildandi lögum þurfa 24 félög að innleiða IFRS frá og með 1. janúar 2005. Auk þess hafa tvö félög tilkynnt að þau muni innleiða staðlana frá og með 1. janúar 2005.

Markmið Evrópusambandsins (ESB) með innleiðingu nýrra alþjóðlegra reikningsskilastaðla var að tryggja gagnsæi og samanburðarhæfi reikningsskila milli fyrirtækja í sömu atvinnugrein og milli landa í Evrópu. Þetta átti síðan að stuðla að virkum fjármagnsmarkaði og kostnaðarhagkvæmni fyrirtækja þar sem þau gætu sótt sér ódýrara fjármagn til annarra landa. Langtímamarkmið ESB með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla er þó að jafna samkeppnishæfni félaga innan ESB varðandi fjármögnun á alþjóðlegum fjármálamarkaði.

Framangreind markmið eru góð en þegar liða tók á árið 2004 var þó flestum ljóst að innleiðing staðlanna var ekki eins auðveld og menn höfðu gert ráð fyrir. Erlendis kepptust viðskiptablöð, fagtímarit og forstjórar fyrirtækja við að vara við innleiðingu þeirra. Ýmsir spáðu hrúni fjármálamarkaða þar sem afkoma fyrirtækja mundi sveiflast mun meira, einkum með tilkomu þess að nú skyldi færa alla afleiðusamninga á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

En hver er staðreyndin? Hlutabréfaverð hefur haldið áfram að hækka og mörg fyrirtækin eru að sýna methagnað. Þetta hefur gerst þrátt fyrir innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. En

lítum aðeins á áhrif staðlanna á eigið fé og afkomu nokkurra fyrirtækja.

Áhrif á íslensk félög

Alls þurftu 24 skráð hlutafélög í Kauphöll Íslands að innleiða alþjóðlega reikningsskilastaðla frá og með 1. janúar 2005. Í könnun sem ég vann skoðaði ég áhrif innleiðingarinnar á 20 fyrirtæki, þar af voru 19 með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands.

Áhrif IFRS á eigið fé félaganna í könnun minni var að það lækkaði um 5.459 millj. kr. eða um 1,3% þann 1. janúar 2005 samanborið við 31. desember 2004.

Skoðum aðeins áhrif, jákvæð / (neikvæð), á eigið fé 1. janúar 2005:

Fyrirtæki fjárhæðir í millj. kr.	Eigið fé 31.12.04	IFRS áhrif	Eigið fé 1.1.05	% af eigin fé
HB Grandi	9.068	750	9.818	8,3%
Actavis Group	23.164	487	23.651	2,1%
Marel	2.452	326	2.778	13,3%
Tryggingamiðstöðin	6.992	300	7.292	4,3%
Burðarás	45.544	(4.180)	41.364	(9,2)%
Íslandsbanki	50.313	(1.839)	48.474	(3,7)%
Landsbanki Íslands	39.020	(311)	38.709	(0,8)%

Eigið fé HB Granda hækkaði um 750 millj. kr. eða um 8,3%. Hækkunina má rekja til afnáms kerfisbundinnar afskriftar aflaheimilda en samtals hækkaði eigið fé félagsins um 1,1 milljarð vegna þessa. Eigið fé Actavis Group hækkaði um 487 millj. kr. eða um 2,1%. Félagið tók upp eldri sameiningar til samræmis við IFRS 3, *Sameiningar félaga*, og jókst eigið fé um rúman milljarð vegna þessa. Þá lækkaði eigið fé félagsins nokkuð vegna niðurfærslu þróunarkostnaðar. Áhrif innleiðingar IFRS á eigið fé Marel má skýra að mestu vegna breyttra reglna um eignfærslu þróunarkostnaðar, en samtals hækkaði eigið fé félagsins um 450 millj. kr. vegna þessa. Eigið fé Burðarás lækkaði um 4,2 milljarða kr. eða um 9,2%. Lækkunin er nánast öll tilkomin vegna

niðurfærslu á viðskiptavild. Endurmat á lífeyrisskuldbindingu og bakfærsla á eignfærðum eigin bréfum í veltubók skýra að mestu lækkun eigin fjár Íslandsbanka um 1,8 milljarð kr. eða 3,7%. Eigið fé Landsbanka Íslands lækkar um 311 millj. kr. eða um 0,8% og er það einkum vegna innleiðingar á IAS 39, *Fjármálagerningar; færsla og mat*.

Afnám kerfisbundinna afskrifta á óefnislegum eignum með óskilgreindan líftíma, svo sem viðskiptavild og aflaheimildum höfðu mest áhrif á eigið fé félaganna sem skoðuð voru. Samtals lækkaði eigið fé félaganna um tæpa þrjú milljarða vegna innleiðingar IFRS 3 / IAS 36. Þar munar mestu um virðisrýrnun viðskiptavilda hjá Burðarási um rúma fjóra milljarða. Staðall IAS

19, *Starfskjör*, hafði áhrif hjá þremur félögum og lækkaði eigið fé þeirra um tæpa tvo milljarða vegna innleiðingar hans. Ástæðan er fyrst og fremst lækkun núvirðisprósentu lífeyrissjóðskuldbindingar. Í árslok 2004 höfðu nokkur félög eignfært eigin hlutabréf sín. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er það óheimilt og lækkaði eigið fé þessara félaga samtals um tæpa tvo milljarða vegna bakfærslu þessara bréfa á eigið fé. Var hér einkum um fjármálafyrirtæki að ræða. Samkvæmt IFRS er óheimilt að færa upp skuldbindingar sem ekki byggja á raunverulegri tapshættu. Þannig þurftu tvö tryggingarfélög að færa út útjöfnunarskuld hjá sér, samtals að fjárhæð 1,4 milljarðar kr. Eigið fé félaganna sem skoðuð voru hækkaði samtals



um tæpan milljarð vegna upptöku IAS 39 og um svipaða fjárhæð vegna innleiðingar IAS 36 / 38 um virðisrýrnunarpróf og óefnislegra eignir.

Hagnaður fyrirtækja sem skoðuð voru lækkaði um 766 millj. kr. eða um 1,2% en þess ber þó að geta að þessar tölur eru ekki alveg sam-
anburðarhæfar við afkomu eins og hún birtist okkur á árinu 2005 þar sem þær innifela ekki áhrif vegna IAS 39, IAS 32 og IFRS 4. Í töflunni hér að neðan má sjá nokkur dæmi um áhrif IFRS staðlanna á afkomu einstakra fyrirtækja fyrir árið 2004. Skýringar á auknum hagnaði hjá Kaupþing banka, Íslandsbanka og HB Grandi má einkum rekja til afnáms kerfisbundinnar afskriftar óefnislegra eigna eins og viðskiptavildar og aflaheimilda. Lækkun afkomu Burðarás er nánast öll tilkomin vegna einskisafskriftar á viðskiptavild á árinu 2004.

Fyrirtæki fjárhæðir í millj. kr.	IS Hagnaður 2004	IFRS áhrif	IFRS Hagnaður 2004	% af eigin fé
Kaupþing banki	15.760	1.947	17.707	12,4%
Íslandsbanki	11.445	513	11.958	4,5%
HB Grandi	602	417	1.019	69,3%
Straumur fjárfestingabanki	6.404	341	6.745	5,3%
Burðarás	9.341	(4.335)	5.006	(46,4%)
Actavis Group	5.232	(197)	5.034	(3,8%)
Landsbanki Íslands	12.709	(135)	12.574	(1,1%)

Það sem kemur mest á óvart er hve tiltölulega lítil áhrif staðlarnir hafa almennt á eigið fé fyrirtækjanna. Þess ber þó að geta að áhrifin hefðu orðið töluvert meiri ef mörg félaganna hefðu ekki þegar hætt kerfisbundnum afskriftum viðskiptavildar.

Í könnun sem UBS, svissneskur banki, gerði á

áhrifum innleiðingar IFRS hjá 27 fyrirtækjum í Evrópu kom í ljós að afnám kerfisbundinnar afskriftar viðskiptavildar hafði langmestu jákvæðu áhrifin á eigið fé þeirra. Aftur á móti hafði IAS 19 að jafnaði mestu neikvæðu áhrifin á eigið fé fyrirtækjanna. Síðan höfðu aðrir staðlar eins og IAS 39, IFRS 2 og IAS 38 mikil áhrif, þó mis mikil eftir atvinnugreinum.

Í framangreindri könnun UBS er gert ráð fyrir að afkoma fyrirtækja lækki að meðaltali um 1% vegna gjaldfærslu á kostnaði vegna kaupréttasamninga. Þar kemur meðal annars fram að fyrirtæki eins og Heineken, Unilever og Royal Dutch Shell hafi tilkynnt að kaupréttasamningar verði lækkaðir eða notkun þeirra hætt. Annað atriði sem kemur nokkuð á óvart er að afkoma fyrirtækja muni almennt lækka nokkuð vegna breyttra reikningsskilareglna um færslu vaxta-

reikningsskilastöðlum er gert ráð fyrir að fyrirtæki gjaldfæri vaxtakostnað af breytanlegum skuldabréfum í samræmi við markaðsvexti sína en færi mismuninn sem myndast við upphaflegu skráningu skuldabréfanna á eigið fé.

Hvað hefur tekist vel og hvað ekki

Nú þegar líða fer að birtingu fyrstu ársreikninga samkvæmt IFRS má velta fyrir sér hvernig fyrirtækjum hafi almennt gengið að innleiða staðlana hjá sér. Miðað við fyrstu árshlutareikninga fyrirtækja samkvæmt IFRS má almennt segja að innleiðingin hafi gengið ágætlega. Reikningsskilaskýringar eru mun ítarlegri en áður, þó ítarlegri upplýsingar um einstök atriði eins og hvernig afleiðusamningar séu metnir, útskýringar á hvernig gangvirði sé fundið og meðferð hlutabréfa sé sárt saknað. Helsta gagnrýni markaðsaðila á þessi fyrstu reikningsskil samkvæmt IFRS er að frekari upplýsingar vanti í skýringum um einstaka efnahagsliði.

Vinna við gerð ársreiknings 2005 er í fullum gangi hjá flestum fyrirtækjum. Gera má ráð fyrir töluverðum breytingum á framsetningu og umfangi ársreikninga fyrir árið 2005 samanborið við fyrri ár. Þannig þarf að veita töluvert ítarlegri upplýsingar um viðskipti tengdra aðila, launakjör stjórnenda, kaupréttasamninga og áhættuþætti svo eitthvað sé nefnt. Fyrirtæki þurfa af þeim sökum að leggja á sig mikla undirbúningsvinnu ef ársreikningar þeirra eiga að uppfylla þær kröfur sem staðlarnir gera til upplýsingagjafara. Því reynir á okkur endurskoðendur að sjá til þess að ársreikningar fyrirtækja séu að öllu leyti í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Farsælt nýtt ár

Félag löggiltra endurskoðenda sendir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar óskir um gott og farsælt nýtt ár. Okkar bestu þakkir fyrir velvilja, gott samstarf og samverustundir á árinu sem er að líða.



Stjórn FLE
Ritnefnd FLE





Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2005

Aðalfundur félagsins var haldinn á Grand Hótelu föstudaginn 18. nóvember 2005. Á fundinum flutti Gunnar Sigurðsson, faglegur framkvæmdastjóri FLE, skýrslu sína um fagleg mál-efni auk þess sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt tölulíðum 1 – 19 í 18. gr. samþykka FLE.

Setning aðalfundar, kosning fundarstjóra og umfjöllun um fagleg málefni

Sigurður B. Arnþórsson formaður FLE setti fundinn og lagði til að Ólafur Nilsson endurskoðandi yrði fundarstjóri hans. Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan. Gerður Guðjónsdóttir var skipuð fundarritari.

Gunnar Sigurðsson, faglegur framkvæmdastjóri FLE flutti skýrslu sína um fagleg málefni. Hann sat á árinu í þremur norrænum vinnuhópum en þeir fjölluðu um endurskoðun minni fyrirtækja, um 8. tilskipun Evrópusambandsins og um skaðabótaábyrgð endurskoðenda.



Fundarstjóri aðalfundar FLE, Ólafur Nilsson.

Endurskoðun minni fyrirtækja:

Gunnar greindi frá löggjöf norrænu ríkjanna er varðar endurskoðun ársreikninga en í Danmörku, Svíþjóð og Noregi eru öll félög skyldug að láta löggilta eða skráða endurskoðendur endurskoða ársreikninga sína. Hins vegar gilda svipaðar reglur í Finnlandi og hér á landi. Vegna nýrra alþjóðlegra endurskoðunarstaðla,

og þar með aukinna krafna til endurskoðenda varðandi endurskoðun, hefur töluverð umræða sprottið um endurskoðun smærri fyrirtækja og aukins kostnaðar við endurskoðun. Eins og gefur að skilja eru skiptar skoðanir meðal endurskoðenda og annarra er málið varðar en niðurstaða þessa vinnuhóps var að líta ætti til þess ávinnings sem endurskoðuð reikningsskil hafa umfram óendurskoðuð reikningsskil.

Tilskipun Evrópusambandsins

Fram kom í máli Gunnars að áttunda tilskipunin er í raun aðeins lágmarkskrafa en hvert land getur gert ríkari kröfur. Í tilskipuninni er fjallað m.a. um menntunarkröfur endurskoðenda, símenntun, siðareglur, óhæðisreglur, að endurskoðað verði í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, ábyrgð endurskoðenda, útskiptingu (rotation) endurskoðenda, gæðaeftirlit, opinbert eftirlit o.fl. Því er ljóst að á næstu árum verður gríðarlega mikil breyting á starfsumhverfi endurskoðenda en markmið vinnuhópsins er að reyna að samræma regluverkið sem mest á Norðurlöndunum.

Ábyrgð endurskoðenda.

Þriðji vinnuhópurinn fjallaði um ábyrgð endurskoðenda. Á undanförunum árum hafa málaferli gegn endurskoðendum verið meira áberandi og hafa tryggingar þeirra að sama skapi hækkað. Vinnuhópurinn mun starfa áfram og kanna þetta mál enn frekar en þess má geta að lög og reglur er varða þetta málefni eru mjög ólíkar á milli landa.

Skýrsla stjórnar

Sigurður B. Arnþórsson, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar.

Á síðastliðnu starfsári var stjórn félagsins þannig skipuð; Sigurður B. Arnþórsson var formaður, Lárus Finnbogason var varaformaður, Sigríður Helga Sveinsdóttir var gjaldkeri, Gerður Guðjónsdóttir var ritari og Lúðvík Karl Tómasson meðstjórnandi. Á þessum aðalfundi munu

þau Sigurður og Sigríður Helga ganga úr stjórn.

Í upphafi starfsárs funduðu formaður og varaformaður stjórnar með fastanefndum félagsins þar sem farið var yfir helstu verkefni nefndanna á árinu umfram venjubundin störf. Í því sambandi má helst nefna framkvæmd gæðaeftirlits, mastersnám í endurskoðun og reikningsskilum, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna og áttundu tilskipunina, sem og undirbúningur ferðar til Stokkhólms.

Að venju stóð félagið fyrir fjórum ráðstefnum á árinu. Í stað þess að halda haustráðstefnu í tengslum við aðalfund félagsins var ákveðið tengja hana Stokkhólmsferð félagsins, og vera með reikningsskiladaginn í dag samtímis aðalfundi. Sú áherslubreyting stjórnar í byrjun starfsárs, að láta einstakar fagnefndir fá það hlutverk að skipuleggja og ákveða fyrirlesara á ráðstefnur félagsins, hefur að mati stjórnartekist vel. Faglegur framkvæmdastjóri félagsins hefur starfað með fagnefndunum við undirbúning ráðstefnuhalds og menntunarnefndin verið til ráðgjafar. Með þessum hætti hefur vinnuálagi verið dreift og einstakar nefndir haft góðan tíma til að undirbúa sína ráðstefnu, bæði hvað varðar val á efni og fyrirlesurum. Þess má geta að í ársskýrslu félagsins er nánar fjallað um ráðstefnur ársins.

Ársfundur NRF var haldinn hér á landi dagana 18. – 21. ágúst á Akureyri. NRF fundur var fyrst haldinn hér á Íslandi árið 1980, þá í Reykjavík, en þrisvar hefur fundurinn verið í höfuðborginni, einu sinni í Stykkishólmi og einu sinni á Höfn. Á fundinum var kosinn nýr formaður NRF til næstu 2ja ára, en það er Lars Traff formaður FAR. Nánari umfjöllun um starfsemi NRF og þau málefni sem rædd voru á ársfundinum er að finna í ársskýrslunni.

Hádegisverðarfundir FLE eru félagsstarfinu afar mikilvægir, þar sem fjallað er um hin ýmsu málefni. Jafnframt er þar vettvangur fyrir formann félagsins til að flytja félagsmönnum fréttir af félagsstarfinu. Jafnan er nokkuð vel mætt á þessa fundi, og ákveðinn fastur kjarni sem mætir

á alla fundi. Yngri félagsmenn mættu gjarnan taka þá eldri sér til fyrirmyndar og láta sjá sig oftar á þessum fundum.

Það má segja að félagsstarfið hafi risið hæst á liðnu ári með ferð félagsmanna og maka þeirra til Stokkhólms. Strax í mars hóf menntunarnefnd félagsins undirbúning og sér til aðstoðar skipaði hún undirbúningsnefnd þriggja valinkunnra einstaklinga, sem áður hafa haft veg og vanda af slíkum ráðstefnum. Eftir mikla og góða undirbúningsvinnu var síðan haldið til Stokkhólms í lok september, samtals tæplega tvö hundruð manns, þar af liðlega helmingur endurskoðendur. Óhætt er að segja að almenn ánægja hafi ríkt meðal félagsmanna og maka þeirra í lok ferðar og að allir dagskrárlíðir, hvort heldur á faglegum nótum eða skemmtanir, tókust afar vel og þakkaði Sigurður þeim aðilum sérstaklega sem komu að undirbúningi og skipulagningu ferðarinnar.

Á ráðstefnunni í dag var fjallað um alþjóðlega reikningsskilastaðla og kom þar berlega í ljós hversu mikil áhrif innleiðing þeirra hefur haft á störf endurskoðenda undanfarin misseri og mun hafa á næstu árum. En það er stutt stórra högga á milli, því nú hefur Evrópusambandið endanlega afgreitt frá sér 8. tilskipunina. Gert er ráð fyrir að hún verði birt með formlegum hætti í byrjun árs 2006, og hefst þá 24 mánaða tímabil sem einstök lönd hafa til innleiðingar, þýðingar og lagabreytinga. Óhætt er að segja að tilskipunin muni hafa veruleg áhrif á störf endurskoðenda, og í raun snertir hún stéttina sjálfa mun meir en innleiðing alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Fyrir utan innleiðingu alþjóðlegu endurskoðunarstaðlanna sem kveðið er á um í 8. tilskipuninni, þá tekur hún á málum eins og óhæði, menntun og endurmenntun, löggildingu endurskoðenda, gæðaeftirliti og endurskoðunarnefndum fyrirtækja. Jafnframt er fjallað um ábyrgð endurskoðenda, siðareglur, rannsóknir og opinbert eftirlit með störfum þeirra og refsí-ákvæði, svo helstu atriði séu nefnd. Með þessari upptalningu má ljóst vera að 8. tilskipunin mun hafa afgerandi áhrif á endurskoðendur sem sérfræðinga, þar sem hún snertir öll þau atriði sem starf endurskoðenda stendur fyrir. Það er því ljóst að innleiðingartímabil 8. tilskipunarinnar, sem er næstu tvö árin, mun hafa mikil áhrif á

starfsemi félagsins. Það er því mikilvægt fyrir endurskoðendur að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og gera stjórnvöldum og viðskiptalíf-inu grein fyrir hversu mikilvæg þessi atriði eru fyrir stéttina og bjóða opinberum aðilum krafta okkar í þessu sambandi, með sama hætti og gert var við innleiðingu IFRS.

Fyrir rúmu ári síðan samþykktu félagsmenn reglur um gæðaeftirlit félagsins. Í reglum kemur fram að markmið þeirra sé að hvetja og aðstoða félagsmenn og fyrirtæki þeirra til að uppfylla ströngustu kröfur sem gerðar eru til starfa þeirra á hverjum tíma. Gæðaeftirlitið á m.a. að tryggja að endurskoðendur innan FLE fullnægi þeirri þörf samfélagsins að veita ávallt þjónustu í hæsta gæðaflokki og viðhaldi þar með trausti almennings. Á liðnu starfsári setti gæðanefndin sér nánari starfsreglur varðandi framkvæmd eftirlitsins. Gert er ráð fyrir að gæðaeftirlitið nái til allra félagsmanna á 6 ára fresti, og í byrjun þessa mánaðar fengu 1/6 félagsmanna boðun um gæðaeftirlit. Gæðaeftirlitið mun fara fram á næstu vikum og gerir stjórnin sér vonir um að vel verði tekið á móti gæðaeftirlitsmönnum félagsins, enda tilgangurinn fyrst og fremst sá að hvetja og aðstoða félagsmenn í störfum sínum.

Málefni Ríkisendurskoðunar og frumvarp þess efnis voru áfram til umfjöllunar hjá stjórn félagsins og starfshópi hennar, sem sérstaklega var skipaður af því tilefni, en nánar verður fjallað um það málefni undir liðnum önnur mál.

Menntunarmál endurskoðenda hafa verið mikið í umræðunni hjá stjórn félagsins sem og meðal félagsmanna. Í lok ársins 2000 skilaði starfshópurinn innan félagsins skýrslu um þessi mál. Í þeirri skýrslu var dregin upp mynd af þáverandi fyrirkomulagi menntunar endurskoðenda og tilögum til úrbóta, þar sem m.a. er lagt til að tekið verði upp mastersnám í endurskoðun og reikningsskilum. Í beinu framhaldi var skýrslunni komið á framfæri við fjármálaráðuneytið með ósk um að menntunarmál endurskoðenda yrðu tekin til skoðunar. Síðan þessi skýrsla var unnin hefur orðið mikil og hröð breyting á störfum og starfsumhverfi endurskoðenda. Á haustráðstefnu endurskoðenda í nóvember 2004 tilkynntu bæði forsvarsmenn frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík að fyrirhugað væri að hefja mastersnám í endurskoðun og reiknings-

skilum haustið 2005. Báðir skólarnir hófu þegar undirbúningsvinnu varðandi skipulagningu á náminu og í því sambandi var leitað til félagsins um að leggja þeim lið. Menntunarnefnd FLE tilnefndi sína fulltrúa sem voru síðan skólunum innan handar við undirbúninginn. Báðir skólarnir hófu mastersnámið nú í haust og lofar byrjunin afar góðu hjá báðum skólum, en þess má geta að Stefán Svavarsson endurskoðandi er forstöðumaður fyrir náminu hjá HR. Í þessu sambandi má til gamans geta þess að samkvæmt nýlegri skráningu félagsins þá eru um 180 einstaklingar í starfsþjálfun vegna löggildingar í endurskoðun og þar af um 60% konur. Ef framfer sem horfir mun kvenfólkið því væntanlega í framtíðinni verða í meirihluta í þessari starfsgrein. Hvort það tengist auknum kröfum um siðferðisvitund og gæðaeftirlit að hlutur karla fer minnkandi, skal ósagt látið.

Á starfsárinu tvöfaldaði félagið starfsmannafjölda sinn þegar ráðinn var til starfa Gunnar Sigurðsson endurskoðandi, sem faglegur framkvæmdastjóri. Stjórn félagsins er sannfærð um að þessi ákvörðun mun verða félaginu mikil lyftistöng og skipta köpum í allri faglegri umfjöllun innan félagsins. Jafnframt gerir stjórnin sér vonir um að þessi ráðning muni létta verulega á því mikla sjálfboðaliðastarfi sem fram til þessa hefur farið fram innan nefnda og stjórnar félagsins. Þá hefur öll starfsaðstaða og umgjörð félagsins verið bætt til muna, ný heimasíða, nýjar fartölvur, skjávarpi og gerður var samningur við SKÝRR varðandi vistun gagna. Á liðnu ári var einnig sett upp nýtt símkerfi, og jafnframt var ýmis skrifstofubúnaður endurnýjaður m.a. vegna nýs starfsmanns.

Að lokum þakkaði Sigurður stjórn, nefndum og framkvæmdastjórum fyrir afar metnaðarfullt og ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári, og félagsmönnum fyrir góða þátttöku á vettvangi félagsins. Þá þakkaði hann þann mikla og góða stuðning sem hann hefur fengið sem formaður félagsins síðastliðin tvö ár.

Ársreikningur félagsins lagður fram til afgreiðslu.

Lárus Finnbogason varaformaður félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár í forföllum gjaldkera.



Rekstrartekjur félagsins námu 21,4 millj.kr., rekstrargjöld 20,2 millj.kr. og fjármunaliðir voru jákvæðir um 1,1 millj.kr. Tekjur umfram gjöld á tímabilinu námu því 2,3 millj.kr. Eignir félagsins skv. efnahagsreikningi námu 23,7 millj.kr. og skuldir 1,1 millj.kr. Eigið fé nam 22,6 millj.kr. Samkvæmt sjóðstreymi var handbært fé frá rekstri 0,9 millj.kr.

Þá greindi Lárus frá ársreikningi Námsstyrkjasjóðs FLE fyrir liðið starfsár. Tekjur sjóðsins á starfsárinu námu 1,5 millj. kr., rekstrargjöld 69 þús. kr. og hagnaður 1,4 millj.kr. Eigið fé sjóðsins í lok starfsársins nam 23,1 millj.kr.

Engar fyrirspurnir voru um skýrslu stjórnar eða ársreikningana og voru ársreikningarnir samþykktir samhljóða.

Skýrslur fastanefnda

Fulltrúar fastanefnda fluttu skýrslur nefndanna en þær voru sendar til fundarmanna fyrir fundinn, með öðrum fundargögnum.

Menntunarnefnd: Þórir Ólafsson gerði grein fyrir starfsemi Menntunarnefndar en starf nefndarinnar breyttist mikið á liðnu starfsári en fagnefndir sáu um ráðstefnur félagsins. Þá fór Þórir yfir skil félagsmanna á menntunareiningum en af 307 félagsmönnum voru 192 félagsmenn búnir að skila, 15 voru búnir að „debonera“ leyfinu sínu en 100 félagsmenn höfðu ekki skilað. Meðaltal eininganna var um 50.

Endurskoðunarnefnd: Magnús Örn Ragnarsson fórfyrir starfsemi nefndarinnar á liðnu starfsári.

Reikningsskilanefnd: Knútur Þórhallsson flutti skýrslu nefndarinnar.

Skattanefnd: Guðmundur Þorvarðarson greindi frá starfsemi Skattanefndar á liðnu starfsári.

Ritnefnd: Ómar Björnsson fór yfir skýrslu Ritnefndar fyrir liðið starfsár.

Gæðanefnd: Óskar Sverrisson greindi frá starfsemi Gæðanefndar á liðnu starfsári. Í máli hans kom fram að búið er að skipa gæðaeftirlitsmenn, ákvarða kostnað við gæðaeftirlit og ákveða hvaða félagsmennskulusætastöðun. Fyrsta gæðaeftirlit félagsins er nú að fara af stað en áætlað er að því verði lokið um miðjan desember.

Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

Engar tillögur voru um breytingar á samþykktum.



Nýkjörinn formaður, Lárus Finnbogason, ásamt fráfarandi formanni Sigurði B. Arnþórssyni

Kosning formanns

Lárus Finnbogason var kjörinn formaður félagsins til næsta árs.

Kosning varaformanns

Margret G. Flóvenz var kjörin varaformaður til næsta árs.

Kosning meðstjórnanda

Ómar H. Björnsson var kjörinn sem meðstjórnandi til tveggja ára.

Kosning endurskoðanda og varaendurskoðanda

Einar H. Einarsson var kjörinn endurskoðandi og Guðmundur Jólsson varaendurskoðandi.

Kosning tveggja manna og varamanns í Álitsnefnd

Guðmundur Óskarsson og Guðmundur Snorsson voru kjörnir aðalmenn og Anna Kristín Traustadóttir sem varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Endurskoðunarnefnd

Ólafur Gestsson var kjörinn til þriggja ára og Barði Ingvaldsson varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Reikningsskilanefnd

Reynir Stefán Gylfason var kjörinn til þriggja ára og Erling Tómasson varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Menntunarnefnd

Margrét Pétursdóttir var kjörin til þriggja ára og Ólafur Viggó Sigurbergsson varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Ritnefnd

Björg Sigurðardóttir var kjörin til þriggja ára og Eymundur Sveinn Einarsson sem varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Skattanefnd

Jón Örn Guðmundsson var kjörinn til þriggja ára og Gunnar Þór Ásgeirsson sem varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Gæðanefnd

Guðjón Jóhannesson var kjörinn til þriggja ára og Hafðís Böðvarsdóttir sem varamaður.

Kosning eins manns til tveggja ára í Námsstyrkjasjóðsnefnd

Simon Á. Gunnarsson var kjörinn til tveggja ára.

Tillaga stjórnar um árstíllag félagsmanna næsta reikningsár

Lárus Finnbogason kynnti rekstraráætlun fyrir komandi starfsár og lagði fram svohljóðandi tillögu stjórnarinnar:

Stjórn félagsins gerði tillögu um að árstíllag félagsmanna verði 60.000 kr. á starfsárinu 1. september 2005 til 31. ágúst 2006.

Fram kom fyrirspurn um námskeiðakostnað en samkvæmt áætluninni hækkar sá kostnaður verulega á milli ára. Hækkunin skýrist einkum af Stokkhólmsferð. Árstíllag að fjárhæð kr. 60.000 var samþykkt með miklum meirihluta.

Önnur mál

Sigurður B. Arnþórsson bað um orðið og fjallaði um málefni Ríkisendurskoðunar, og framkomið frumvarp um Ríkisendurskoðun. Fram kom í máli



hans að starfshópur FLE skilaði umsögn í apríl 2005 um frumvarp um breytingu á lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun en sú umsögn var send til Alþingis eftir umfjöllun í Álitsnefnd og stjórn FLE. Í þeirri umsögn kemur m.a. fram að starfshópurinn telur að löggiltir endurskoðendur séu best til þess fallnir að sinna fjárhagsendurskoðun hvort sem um er að ræða endurskoðun hjá hinu opinbera eða í einkageiranum og bent er á að sjálfstætt starfandi endurskoðendur sinna endurskoðun hjá fjölmörgum sveitarfélögum hér á landi. Alþingi hafa borist fleiri umsagnir m.a. frá Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum atvinnulífsins, Verslunarráði Íslands og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja. Öll þessi álit eiga það sameiginlegt að aðilar telja eðlilegra að fjárhagsendurskoðun ríkisaðila og fyrirtækja í meirihluta eigu ríkisins verði falin einkaaðilum með útboðum eða öðrum hætti.

Þá benti Sigurður á að fram kemur í ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2004 að stofnunin hafi skilað yfir sjötíu þúsund vinnustundum og áritað 357 ársreikninga, en eingöngu hafi starfað fjórir löggiltir endurskoðendur hjá stofnuninni í ársbyrjun 2005. Af framangreindu sé því

ljóst að löggiltir endurskoðendur hafi aðeins að litlu leyti komið að þeim verkefnum. Að lokum beindi Sigurður því til nýkjörinnar stjórnar að hún fylgi þessu mikilvæga máli eftir m.a. með bréfum til Forseta Alþingis, forsætis- og fjármálaráðherra.

Þorsteinn Haraldsson tók til máls, en hann vildi benda félagsmönnum á að skoska endurskoðunarfélagið var stofnað fyrir 152 árum og að hans mati væri það félag til fyrirmyndar bæði í leik og starfi. Fram kom í máli hans að nú væru 40 ár síðan hádegisverðafundur FLE hófust en þótt FLE væri bæði virkt og skemmtilegt félag mætti alltaf bæta. Í því samhengi benti Þorsteinn á að aðeins væru þrjú heiðursfélagar í félaginu en það væri nauðsynlegt að þakka einstaklingum fyrir vel unnin störf bæði þeim sem hafa starfað innan félagsins og/eða fyrir stéttina út á við. Beindi hann því til stjórnar að skoða þessi mál frekar.

Ólafur Nilsson þakkaði fundarmönnum því næst fundarsetuna og gaf fráfarandi formanni orðið.

Sigurður B. Arnþórsson þakkaði fráfarandi stjórn, nefndum og framkvæmdastjórum félagsins fyrir gott samstarf á liðnum árum. Að því loknu

afhenti hann nýkjörnum formanni félagsins Lárusi Finnbogasyni formannskeðju félagsins.

Lárus þakkaði fundarmönnum fyrir það traust sem þeir sýndu honum með því að velja hann sem formann í félaginu næsta árið. Hann bauð nýkjörna stjórnarmenn þau Margreti G. Flóvenz og Ómari H. Björnsson velkomin til starfa sem og aðra nýkjörna nefndarmenn.

Síðan fór Lárus yfir það sem framundan er hjá félaginu.

Að lokum þakkaði Lárus fráfarandi formanni, stjórn, nefndum og framkvæmdastjórum félagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Að svo mæltu sleit Lárus aðalfundinum kl. 17:00 og bauð til léttra veitinga.

Aðalfundinn sóttu 125 félagsmenn

Gerður Guðjónsdóttir
fundarritari

Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 4. janúar 2006 kl. 12
- Skattadagur FLE, Grand Hótel, föstudagur 13. janúar 2006
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 1. febrúar 2006 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 1. mars 2006 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 5. apríl 2006 kl. 12
- Endurskoðunardagur FLE, Grand Hótel – Gullteigur, föstudagur 7. apríl 2006
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 3. maí 2006 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 7. júní 2006 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 6. september 2006 kl. 12
- Reikningskiladagur FLE, Grand Hótel, föstudagur 22. september 2006.
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 4. október 2006 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 1. nóvember 2006 kl. 12
- Haustráðstefna FLE, Grand Hótel, í nóvember 2006
- Aðalfundur FLE, Grand Hótel, í nóvember 2006
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 6. desember 2006 kl. 12



Félagisstjórn FLE starfsárið 2005 - 2006



Félagisstjórn FLE 2005-2006 frá vinstri talið: Lúðvík Karl Tómasson, Lárus Finnbogason formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Margret G. Flóvenz og Ómar H. Björnsson



Menntunarnefnd FLE frá vinstri: Ólafur Viggó Sigurbergsson, Eggert Teitsson, Jón Örn Ingólfssdóttir formaður og Margrét Pétursdóttir



Endurskoðunarnefnd FLE frá vinstri: Magnús Örn Ragnarsson formaður, Hildur Sigurðardóttir, Barði Ingvaldsson og Ólafur Gestsson.



Reikningsskilanefnd FLE frá vinstri: Reynir Stefán Gylfason, Erling Tómasson, Friðrik Jóhannsson formaður, og Ólafur Þór Jóhannesson.



Skattanefnd FLE frá vinstri: Gunnar Þór Ásgeirsson, Einar Ólafsson, Jón Örn Guðmundsson og Birkir Leósson formaður.



Ritnefnd FLE frá vinstri: Eymundur Sveinn Einarsson, Auður Ósk Þórisdóttir, Hrefna Gunnarsdóttir formaður og Björg Sigurðardóttir.



Gæðanefnd FLE frá vinstri: Sif Einarsdóttir formaður, Kristinn Freyr Kristinsson, Hafðis Böðvarsdóttir og Guðjón Jóhannesson.

Félagisstjórn

Lárus Finnbogason, formaður
Margret G. Flóvenz, varaformaður
Ómar H. Björnsson, gjaldkeri
Gerður Guðjónsdóttir, ritari
Lúðvík Karl Tómasson,
meðstjórnandi

Álitsnefnd

Lárus Finnbogason
Margret G. Flóvenz
Sigurður B. Arnþórsson
Guðmundur Snorrason
Guðmundur Óskarsson
Anna Kristín Traustadóttir,
varamaður

Endurskoðendur

Einar H. Einarsson,
endurskoðandi
Guðmundur Jólsson,
varaendurskoðandi

Menntunarnefnd

Kristrún Helga Ingólfssdóttir,
formaður
Eggert Teitsson
Margrét Pétursdóttir
Ólafur Viggó Sigurbergsson,
varamaður

Endurskoðunarnefnd

Magnús Örn Ragnarsson, formaður
Hildur Sigurðardóttir
Ólafur Gestsson
Barði Ingvaldsson, varamaður

Reikningsskilanefnd

Friðrik Jóhannsson, formaður
Ólafur Þór Jóhannesson
Reynir Stefán Gylfason
Erling Tómasson, varamaður

Skattanefnd

Birkir Leósson, formaður
Einar Ólafsson
Jón Örn Guðmundsson
Gunnar Þór Ásgeirsson, varamaður

Ritnefnd

Hrefna Gunnarsdóttir, formaður
Auður Ósk Þórisdóttir
Björg Sigurðardóttir
Eymundur Sveinn Einarsson,
varamaður

Gæðanefnd

Sif Einarsdóttir, formaður
Kristinn Freyr Kristinsson
Guðjón Jóhannesson
Hafðis Böðvarsdóttir, varamaður



Nýir félagar árið 2005

Í árslok luku 16 einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur.

FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Anna Þóra Benediktsdóttir,
Grant Thornton ehf.



Anna Sif Jónsdóttir,
KPMG Endurskoðun hf.



Birgir Hákon Valdimarsson,
KPMG Endurskoðun hf.



Björn Ingi Victorsson,
Deloitte hf.



Böðvar Kári Ástvaldsson,
Grant Thornton ehf.



Guðlaug Tómasdóttir,
KPMG Endurskoðun hf.



Guðný H. Guðmundsdóttir,
KPMG Endurskoðun hf.



Hanna Björg Hauksdóttir,
Hyrnu ehf.



Herbert Viðar Baldursson,
PricewaterhouseCoopers hf.



Jón Hreiðar Sigurðsson,
PricewaterhouseCoopers hf.



Kristín Margrét Sveinsdóttir,
KPMG Endurskoðun hf.



Laufey Gunnarsdóttir,
KB banka hf.



Lúðvík Þráinsson,
Deloitte hf.



Regína Fanný Guðmundsdóttir,
Sparisjóði vélstjóra.



Sigrún Guðmundsdóttir,
PricewaterhouseCoopers hf.



Sigurður Stefánsson,
Actavis Group hf.

Löggildingarpróf

Prófnefnd endurskoðenda hefur lokið yfirferð löggildingarprófa haustið 2005 og gert prófmönnum grein fyrir niðurstöðum.

Alls þreyttu 62 einstaklingar próf að þessu sinni og urðu niðurstöður í einstökum greinum þannig:

Próf í endurskoðun:
36 þreyttu próf, 83,3 % hlaut tilskilda lágmarkseinkunn 7,5 eða þar yfir.

Próf í reikningsskilafraeðum:
26 þreyttu próf, 57,7 % hlaut tilskilda lágmarkseinkunn 7,5 eða þar yfir.

Próf í skattskilum:
35 þreyttu próf, 45,7 % hlaut tilskilda lágmarkseinkunn 7,5 eða þar yfir.

Próf í gerð reikningsskila:
25 þreytti próf, 56,0 % hlaut tilskilda lágmarkseinkunn 7,5 eða þar yfir.

16 einstaklingar hafa lokið öllum fjórum prófunum með tilskilinni lágmarkseinkunn og hljóta löggildingu sem endurskoðendur.

Prófnefnd



GOLF annáll



Sigurður Tómasson
endurskoðandi og
forseti
alþjóðadeildar
Golfhóps FLE

Golfár endurskoðenda 2005 var viðburðaríkt, jafnt innanlands sem erlendis. Ekki þykir annað við hæfi en koma því helsta til skila í árlegum golfpistli þannig allir í félaginu, jafnt þeir sem leika golf sem og aðrir sem ekki hafa enn látið golfdraum sinn rætast, megi verða sem best upplýstir um það sem gerist á þessum vettvangi.

Eins og allir vita sem lesa þessa árlegu pistla þá höfum við endurskoðendur þann hátt á að við látum einn úr okkar hópi, einvald, sjá um alla framkvæmd sameiginlegra golfdaga hér innanlands. Árið 2005 forfallaðist sá útvaldi og gamall reynslubolti í golf-



Heimamaður við Murrayhall hótelið

inu hljóp í skarðið, Ívar Guðmundsson.

Svokölluð golfsprenning í landinu hefur einnig orðið til þess að golfiðkendum meðal endurskoðenda fjölgar verulega og eru um fimmtíu endurskoðendur til á skrá um þá sem fá rafpóst um golfmót og annað sem snertir golfskipulag. Þrátt fyrir þennan fjölda hefur reynsla fyrri ára gefið sterklega til kynna að erfitt er að keppa við allt sem í boði er í dægrastyttingu nútímans. Endurskoðendur hafa síðari ár mætt frekar illa á skipulögðum FLE golfdögum og á árinu 2004 féllu niður vegna þátttökuleysis 2 af 4 slíkum.

Þess vegna ákvað einvaldur að hafa aðeins 2 golfdaga á árinu 2005. Byrjunin var góð því af höfðingsskap sínum ákvað fyrirtækið Bakkus að kosta verðlaun og veitingar og urðu þátttakendur nægjanlega margir til að golfdagurinn fór fram við bestu aðstæður. Síðari golfdagurinn árið 2005 féll hins vegar niður vegna þátttökuleysis enda minna þekkt fyrirtæki með minna aðdráttarafl í nafni sínu sem þá var kostari. Góð þátttaka endurskoðenda í öllu félagsstarfi sem gefur punkta er eftirtektarverð og því ætti að taka til athugunar að veita punkta fyrir mætingar á golfdögum. Skrifari þessara lína sér alla vega ekki minni ástæðu fyrir punktajöf að þessu tilefni heldur en að borða jólamat með jólahugvekju og fá menntunarpunkt í desert að auki. Menntanefnd og aðilar í félaginu ættu í alvöru taka þetta mál til skoðunar.

En ekki er allt illt í þessari golfveröld FLE og árleg keppni endurskoðenda við annars vegar lögmenn og hins vegar tannlækna fór fram eins og verið hefur um áraraðir. Okkur hefur alltaf gengið illa að fylla með golfkúlum golfholur í nærveru tannlækna sem eins og allir vita eru sérfræðingar í holufyllingum og hafa sýnt okkur það á miskunnarlausan hátt um mörg ár. En þetta árið skeði sá ánægjulegi viðburður að okkar menn sigruðu með yfirburðum og skráðu þann-



Tveir skoskir endurskoðendur með öldunga-meistara FLE árið 2005.

ig eftirminnilega nafn okkar á þann bikar sem árlega er keppt um. Leikurinn við lögmenn var hins vegar ekki jafn ánægjulegur okkar mönnum hvað úrslit snertir og í þetta sinn kom það í okkar hlut að afhenda sigurvegurinum bikarinn sem keppt er um. En hvað varðar þessa keppni við lögmenn þá er hér bæði staður og stund til að rifja það upp að okkar fyrirliði hefur oftari verið í þeirri aðstöðu að taka við sigurlaunum frekar en afhenda þau.

Golfvertíð endurskoðenda lýkur með Meistararamóti FLE. Mótið fór fram í 24. sinn föstudaginn 9. september á Grafarholtsvelli og mættu 14 endurskoðendur til leiks. Á síðasta ári var í golfgrein sagt frá því að brotið var blað í sögu þessa móts þegar 3 endurskoðendur af hinu svenefnda veikara kyni mættu til leiks og vildu sýna hæfileika sína í íþróttinni. Árið 2005 mættu þær aftur þessar sömu konur og ætluðu sér nú meir en bara taka þátt og sönnuðu svo um munar að þetta orðatiltæki, veikara kynið, er eitthvað sem ekki er við hæfi að nota í nútímanum. Lokahólf keppenda ásamt mökum og með verðlaunaafhendingu fór síðan fram að kvöldi þessa sama dags að Hótel Sögu. Óvenju fáir af þátttakendum mættu til þessa fagnaðar. Þar flutti einvaldurinn sína skýrslu um viðburði ársins og var hún í styttra lagi. Þá tilkynnti einvaldur úrslit dagsins og kom í ljós að skrifaður hafði verið nýr kafli í golfsögu FLE þegar einvaldur tilkynnti að golfmeistari FLE væri Helga Harðardóttir. Í þróttasíða FLE fréttu óskar Helgu til hamingju með meistaratililinn. Án forgjafar lék best Reynir Vignir og öldungameistari varð Guðmundur Frímansson.

Í golfleik er notast við ákveðið forgjafakerfi til að jafna leikinn. Í keppnum þar sem raðað er í flokka eftir kynjum er oflega sá háttur hafður á að karlar fá í hámarksforgjöf 24 en konur 28.

Nú brá svo við að í meistarakeppni okkar var leikið í einum flokki, karlar og konur í einum og sama flokki, en engu að síður var fylgt þeirri reglu að konur fengu í hámarksförgjöf 28 en strákarnir 24. Má því vissulega hér segja að konurnar hafi farið fram úr sjálfum sér í jafnréttisbaráttunni því ekki aðeins stóðu þær jafnfætis strákunum í flokkaskipan heldur fengu konurnar meiri förgjöf en strákarnir fá. Má af þessu draga þá ályktun að strákarnir hafi verk að vinna í sinni jafnréttisbaráttu.

Frá árinu 1985 er í meistarakeppni FLE í golfi keppt um farandbikar sem félagið gefur. Keppt er um hvern bikar í 10 skipti en eftir þann tíma er bikarinn geymdur á skrifstofu félagsins. Á skrifstofu félagsins eru nú geymdir 2 bikarar með nöfnum þeirra sem hafa orðið sigurvegarar á árabílinu 1985–2004. Á þessu ári var keppt um nýjan bikar sem félagið hefur gefið og mætti formaður félagsins í lokahófið og afhenti nýjum golfmeistara þennan glæsilega farandbikar. Hafði formaður óvænta ánægju af að afhenda verðlaunin þar sem hann gaf golfmeistarannum koss í aukaverðlaun sem var meir en hann hafði fyrirfram gert ráð fyrir að gera.

Hefð er komin á golfferð endurskoðenda til Skotlands í maí hvert ár. Áttunda vorferð FLE golfara var farin dagana 19. - 24. maí og í þetta sinn var ferðinni heitið á golfhótel í námunda við borgina Perth sem er í svonefndu "historic heartland í Skotlandi", án efa vegna þess að margir helstu atburðir sögunnar þar í landi hafa orðið á þessu svæði. Þetta er miðja Skotlands. Hótelíð sem við stefndum til ber nafnið Murrayshall, gamalt óðalsetur sem breytt var í hótel skömmu eftir 1960. Þarna er hinn ákjósanlegasti viðverustaður til að stunda margskonar útivist s.s. fiskveiðar, gönguferðir, skotveiðar o.fl. auk golfsins. Í okkar hópi var það eingöngu golfið sem hafði aðdráttarafl og þeir 2 golfvællir sem liggja innan landareignar hótelsins. Annar völlumurinn heitir nafni sveitasetursins forna, Murrayshall, og var hann tekinn í notkun 1981. Hinn golfvöllumurinn heitir Lynedoch og var tekinn í notkun á árinu 2000. Þessir tveir vællir eru ólíkir í landslaginu og hinn síðarnefndi liggur í fjallshlíð þar sem er mikill hæðarmunur á brautunum og ekki nema fyrir hraustustu menn að ganga þessar hlíðar upp á efsta tind og verður nánar



Skoskur golfleikari á Lynedoch völlum. Ef vel prentast má greinilega sjá hæðarmuninn.

vikið að þessu síðar í greininni. Þessi nýrri golfvöllur ber nafn Lord Lynedoch sem hafði fengið Murrayshall landareignina að gjöf eða sem endurgjald fyrir frábæra þjónustu fyrir breska heimsveldið á dögum Napóleonsstyrjaldanna, 1805 – 1814. Lord Lynedoch flutti síðar til Ástralíu og varð þar brautryðjandi í ræktun í Barossa Valley sem nú er frægt vínræktarhérað.

Fimmtudaginn 19. maí fóru 15 endurskoðendur frá FLE með flugi til Skotlands. Flugtíminn er aðeins 2 klukkustundir og eftir landingu í Glasgow var ferðinni heitið beint í átt til hótelsins og strax kl. 15 þennan dag var okkar fyrsti rástími í golfi á Murrayshall völlum. Landslag, umhverfi og golfvöllurinn sjálfur var svo hrífandi að flestir í hópnum létu sér nægja þennan völl og reyndu aldrei fyrir sér á Lynedoch völlum. Reyndar gat verið önnur ástæða fyrir þessu, nefnilega sú að talsverð bleyta var í jörð eftir undangengnar rigningar þannig að vegna brattans á Lynedoch völlum voru ekki leyfðir golfbílur. Og sem áður sagði voru það aðeins hinir hraustustu menn sem lögðu í þá göngu sem fylgdi því að spila Lynedoch völlum. Þrír þeir elstu í hópnum, Guðjón Eyjólfsson, Ólafur Nils-

son og greinarhöfundur (meðalaldur 70 ár), tóku sig til á föstudagseftirmiðdegnum og spiluðu þennan völl eftir að hafa þá um morguninn leikið aðalvölluminn. Og það var hrífandi að leika þennan völl bæði vegna útsjónarsemi við brautarlagninguna og ekki síður þess frábæra útsýnis yfir Perthshire héraðið í Skotlandi sem við nutum af efstu tindum vegna hins mikla hæðarmismunar sem var frá fyrstu braut og upp í þær hæðir þar sem golfvöllurinn náði hæst. Um kvöldið þegar afrek dagsins voru tíunduð gátum við þremmenningarnir stoltir bent til hæstu hæða og fengið lánað frá skáldinu og sagt við félag okkar: Sjáið tindinn! Barna fórum við. Fékk tindurinn reyndar nafn í ferðahópnum og kallaðist Ólafstindur. Til að allir njóti sannmælis þá fór Ívar Guðmundsson einn síns liðs þennan sérstaka völl síðar í ferðinni og varð ekki síður hrífinn en við þremmenningarnir.

Sunnudaginn 22. maí fórum við til nálægrar borgar sem heitir Crieff og spiluðum þar skemmtilegan völl. Það var milt veður en rigndi stanslaust mest allan tímann sem við vorum að spila þennan dag en alveg lóðrétt þannig að enginn fann fyrir bleyttunni. Eftir leik heimsóttum við whiskyverksmiðjuna Tullibardine sem er í nánd við borgina Blackford og áttum þar góðan dag. Bæði verksmiðja og framleiðsla var skoðað af mestu nákvæmni og létu menn vel af öllu sem fyrir bar og spurðu mikið um hvernig framleiðslan væri gæðaprófuð. Ekki lágu fyrir starfsumsóknareyðublöð á staðnum. Það er athyglivert hvað mikil áhersla er lögð á gott vatn til notkunar við whiskyframleiðsluna og þess vegna spurning hvað unnt væri að gera með íslenska vatninu við slíka framleiðslu.

Skoskir endurskoðendur komu til okkar á Murrayshall mánudaginn 23. maí og léku við okkur um eftirmiðdaginn og síðan var sameiginlegur kvöldverður. Golfdagurinn með skoskum endurskoðendum var að vanda hinn ánægjulegasti og ekki spillti fyrir að við unnum til baka þann farandgrip sem ICAS lagði til þessarar keppni. Til upprifjunar skal þess getið að um er að ræða sérstaka gerð af skál sem á þeirra máli kallast Quaich. Þessi tegund skála var notuð við drykkju fyrr á tímum og gegndi þannig sama hlutverki og Víkingahornin hjá okkar forfeðrum. Að golfleik loknum fengum við gjafir frá skosk-



Síungt 75 ára afmælisbarn við kjöraðstæður.

um félögum okkar og við útteildum gjöfum sem minntu á Reykjavík.

Dregur nú að greinarlokum. En ekki verður skilið við þessa frásögn án þess að minnst afmælistóts Guðjóns Eyjólfssonar sem haldið var á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði miðvikudaginn 22. júní í boði KB-banka hf. Guðjón varð 75 ára þann 23. júní 2005. Í tilefni þessa bauð KB banki hf. völdum vinum og kunningjum Guðjóns til golfleiks á Hvaleyrarvelli og síðan kvöldverðar í veitingasalnum við golfvöllinn. Reyndar byrjaði þessi afmælisveisla á hádegi með léttum hádegisverði og síðan hófu 28 boðsgestir golfleikinn, rösklega helmingur af þeim endurskoðendur. Allt með öllu stóð þessi veisla í um 8 - 9 tíma og skorti ekkert í mat og léttum drykk í þessu hófi til heiðurs afmælisbarninu. Var rausnarlega að öllu staði af hálfu KB banka hf. Ræður voru haldnar í kvöldhófinu og við endurskoðendur í hópnum færðum afmælisbarninu golfstytta sem þakklætisvott til að minna á margar góðar stundir sem við höfum átt með Guðjóni á þessum vettvangi. Guðjón var í hópi þeirra sem fyrir tæpum 30 árum komu af stað sameiginlegum golfdögum endurskoðenda. Guðjón er og hefur verið elstur endurskoðenda sem iðkað hefur golfleik reglulega og það eru í dag engin ellimerki að sjá á golfleik þessa síunga öldungs. Golfdeild FLE þakkar fyrir sig og óskar afmælisbarninu heilla um ókomin ár og svarar spurningunni: „Var þetta ekki gott hjá mér?“ með ákveðnu jái !

Sigurður Tómasson

Jól 2005

Starfsmanni félagsins barst þessi fallega jólakveðja og er hún birt með leyfi höfundar.

Ljósið eina, lífsins vaki,

lýsir yfir fold og djúp.

Verður allt á andartaki,

umvafið í dýrðarhjúp.

Veröld brosir væn og hlý,

vonir rætast enn á ný.

Ljáðu vængi, ljósið skæra,

létt að svífa á þinn fund,

svo óskalind þar töfratæra,

teygja megi hverja stund,

dvelja þar sem grasið grær,

við geisla þína, sólu nær.

Ljósið jóla fögnuð færi,

frið og gleði sérhvern dag.

Efli, styrki, endurnæri,

öllu snúi best í hag.

Ljósið eina, lífsins von,

lýsir eilíft, Drottins son.

Bjarni Jónsson endurskoðandi